



Markaðsstofa
Suðurlands

Áfangastaðaáætlun Suðurlands

Sjálfbært Suðurland

Áfangastaðaáætlun er heildstæð áætlanagerð með ferðaþjónustu sem útgangspunktur

Verkefnastjórn og vinnulag

Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála hófu vinnu árið 2016 við að standa sameiginlega að gerð áfangastaðaaætlana fyrir alla landshluta í samvinnu við Markaðsstofur landshlutanna sem farið hafa með verkefnisstjórn áætlanagerðanna á sínum svæðum. Fyrsta útgáfan var gefin út á haustmánuðum 2018. Áætlunin er í stöðugri endurskoðun og var síðast útgefin árið 2023.

Áfangastaðaaætlun Suðurlands var unnin af Markaðsstofu Suðurlands. Verkefnastjórar: Laufey Guðmundsdóttir og Vala Hauksdóttir. Verkefnastjórn: Árdís Erna Halldórsdóttir atvinnu- og ferðamálafulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Árný Lára Karvelsdóttir markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárpings eystra og Ásborg Ósk Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnessýslu. Áfangastaðaaætlunin byggir að mestu á grunnvinnu fyrri áætlunar en auk þess voru notuð gögn sem fengust á opnum veffundum í nóvember 2020. Einnig voru nýttar niðurstöður spurningakannana fyrir hvert svæði sem sendar voru á aðildarfyrirtæki, sveitarfélög og þátttakendur á opna veffundinum.

Ljósmyndir: Haukur Snorrason, Ívar Sæland, Páll Jökull Pétursson, Þorsteinn Roy Jóhannsson, Þorvarður Árnason, Þórir N. Kjartansson, SASS, Markaðsstofa Suðurlands

Skýringamyndir: Laufey Guðmundsdóttir, Líparít, Vala Hauksdóttir

Uppsetning eftir hönnunarstaðli Markaðsstofu Suðurlands

Viðauka og frekari greiningar má finna á síðu Markaðsstofu Suðurlands www.south.is/dmp

Inngangur

Áfangastaðaaætlun er heildstæð áætlanagerð sem hefur ferðapjónustu sem útgangspunkt. Áætlunin skapar umgjörð og þann ramma sem svæðið leggur áherslu á í uppbyggingu og þróun áfangastaðarins Suðurlands. **Markmið hennar er að stuðla að ábyrgri ferðapjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi sem styrkir efnahag samfélaga, bætir lífsgæði íbúa, bætir upplifun ferðamanna og dregur úr mögulegum neikvæðum áhrifum frá ferðapjónustu.** Mikilvægt er að hún að sé samþætt við aðrar staðbundnar áætlanir sem og aðrar áætlanir hins opinbera. Ákvarðanir og ábyrgð á þeim aðgerðum sem þarf að ráðast í til að framfylgja þessari áfangastaðaaætlun liggur hjá mismunandi aðilum; ríki, sveitarfélögum, ferðapjónustufyrirtækjum, hagsmunasamtökum og öðrum hagaðilum, allt eftir eðli og umfangi aðgerða og verkefna.

Gerð áfangastaðaaætlunar felur í sér að horft sé á ferðapjónustu út frá víðu sjónarhorni og að tekið sé tillit til margra ólíkra hagaðila sem eiga hagsmuna að gæta við þróun svæðisins. Áætlanagerðin tekur tillit til gesta, íbúa, fyrirtækja og umhverfis og leitast við að skapa jafnvægi á milli þeirra. Áfangastaðaaætlun gerir íbúum og ferðapjónustunni kleift að sammælast um hvernig ferðapjónustu þau vilja hafa, hvaða áhrif hún hafi á efnahag og samfélag þeirra og hvaða skref skuli taka í átt að því marki.

Þegar horft er til baka yfir þann tíma sem liðinn er frá fyrstu Áfangastaðaaætlun Suðurlands hefur margt áunnist, mikil uppbygging hefur átt sér stað og virkt samtal og samvinna hefur verið í hinum ýmsum málefnum. **Halda þarf áfram að byggja á þeirri vinnu við að þróa og efla áfangastaðinn Suðurland.** Þróunin þarf að taka mið af upplifunarferðalagi gesta með það að markmiði að laga það sem þarf og bæta enn frekar það sem gott er. **Útgangspunkturinn er því ávallt upplifun gestsins hvort sem**

það tengist aðgengi, öryggi eða þjónustu sem grundvallast á gæðum og fagmennsku.

Við gerð fyrstu Áfangastaðaaætlunar Suðurlands var landshlutinn í miklu viðbragði vegna örs vaxtar í komu erlendra ferðamanna (312% fjölgun á árunum 2010 - 2019) og áskoranna sem því fylgdi. Gjörólik staða var uppi við uppfærslu áætlunarinnar 2020 vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu fækkaði komum erlendra gesta um 75,8% á milli árána 2019 og 2020 sem leiddi til mikilla áskorana. Áhrif faraldursins á Suðurlandi voru mikil þar sem greinin er ein af undirstöðu atvinnuvegum landshlutans, allt árið um kring. Samkvæmt greiningu SASS á ferðapjónustunni voru árið 2019 um 18% starfa á Suðurlandi í kjarnagreinum ferðapjónustunnar, eru þá ótalin afleidd störf. **Við lok heimsfaraldursins blasti við nýr veruleiki í markaðssetningu og upplýsingagjöf. Vel hefur gengið að laða gesti inn á landshlutann á ný en ætla má að þekking og reynsla sem hafði byggst upp undanfarin ár, hafi að nokkru leyti glatast í kjölfar heimsfaraldursins.** Þetta hefur óumdeilanlega áhrif á áherslur næstu ára.

Uppfærslan var unnin í nánú samstarfi við hagaðila svæðisins. Reglulegir fundir voru haldnir með fulltrúum Faghóps sveitarfélaga á Suðurlandi í ferðamálum, stuðst var við gögn og endurgjöf þátttakenda á opnum rafrænum fundi sem haldinn var í nóvember 2020, send var út svæðaskipt könnun á aðildarfyrirtæki Markaðsstofu Suðurlands, sveitarstjóra og á þátttakendur sem skráðu sig á opna fundinn. Þannig fengust fram víðtæk sjónarmið og sýn á stöðu mála. Þá voru rýndar áherslur til framtíðar, hver staðan er nú og þá hvaða áherslur er þörf á að vinna með næstu ár.

Áfangastaðaaætlun Suðurlands er lifandi áætlun sem getur tekið breytingum vegna ytri aðstæðna

Efnisyfirlit

Verkefnastjórn og vinnulag	2
Inngangur	3
Efnisyfirlit.....	4
1. Hvernig nýtist Áfangastaðaaætlun landshlutanum?	5
2. Áfangastaðurinn Suðurland	6
3. Þróun áfangastaðarins Suðurlands	34
4. Áskoranir og áherslur – Gap greining	38
5. SVÓT greining ferðapjónustunnar á Suðurlandi	45
6. Framtíðarsýn ferðapjónustunnar á Suðurlandi	50
7. Markmið áfangastaðaaætlunar Suðurlands.....	51
8. Áherslur og forgangsverkefni Áfangastaðaaætlunar Suðurlands	56
9. Markaðsgreining og markhópar	66
10. Vörumerki áfangastaðarins Suðurlands.....	69
11. Upplifun gestsins	73
12. Vakinn, gæða- og umhverfissvottun ferðapjónustunnar	74
13. Ábyrg ferðapjónusta.....	75
14. Gott aðgengi í ferðapjónustu	76
15. Sjálfbærni og ferðapjónusta	77
16. Tengsl við aðrar áætlanir – samstarf og nýting Áfangastaðaaætlunar.....	83
17. Samtal og samvinna við stuðningsstofnanir	84
18. Möguleikar og tækifæri Suðurlands.....	85
19. Hugtakalykill	86
20. Hvað getur þú gert?	87
Heimildir	88

1. Hvernig nýtist Áfangastaðaaætlun landshlutanum?

Áfangastaðaaætlun Suðurlands styður á margvíslegan hátt við það starf sem á sér stað innan sveitarfélaga en er þó ekki lögbundin. Áætlunin er byggð á víðtæku samtali og samráði um allt Suðurland og **endurspeglar þannig vilja og sýn fjölbreytts hóps hagaðila tengdum ferðaþjónustu, sveitarfélögum og íbúum.**

Hér eru dregin fram ýmis greiningartól sem má vinna meira með niður á svæði og sveitarfélög. Virðiskeðja ferðaþjónustunnar á Suðurlandi kortleggur hvar virði myndast, hvort það sé innan svæðis eða utan. Virðiskeðjan nýtist meðal annars við að skoða hvort það séu einhver vannýtt tækifæri fyrir svæðið, hvort virðið myndist fyrir utan svæðið og hvort mögulegt er að vinna það virði innan svæðisins. Einnig er í henni

kortlagning á því stuðningskerfi sem er til staðar innan ferðaþjónustunnar, beint eða óbeint. **Mikilvægt er að viðhalda því stuðningskerfi og að ferðaþjónustuaðilar og sveitarfélög nýti sér þær einingar sem eru ferðaþjónustunni til stuðnings.**

Viðurkenndar greiningaraðferðir voru notaðar við þróun áfangastaðaaætlunar: GAP greining nýtist með því að skoða stöðuna hverju sinni, sjá hvort eitthvað vantar upp á og þá hvað. SVÓT greining er einfalt en gagnlegt greiningartól til að taka stöðuna með því að telja upp styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri sem svæðið hefur yfir að ráða. Fjallað er um niðurstöður þessara greininga í áætluninni.

2. Áfangastaðurinn Suðurland


Suðurland er víðáttumikill landshluti, 30.969 km² að stærð, með 31.805 íbúum. (Hagstofa Íslands, 2023) Á Suðurlandi eru 15 sveitarfélög þar sem stærsti byggðarkjarninn er Selfoss en auk þess eru Vestmannaeyjabær, Hveragerði, Hvolsvöllur, Hella, Þorlákshöfn, Flúðir, Laugarvatn, Reykholt, Eyrarbakki, Stokkseyri, Vík, Kirkjubæjarklaustur og Höfn helstu þéttbýlisstaðir Suðurlands. Suðurland er fjölmenningarsamfélag þar sem rúm 14% íbúa eru með erlent ríkisfang (Byggðastofnun, 2020). Ferðaþjónustan er ein af undirstöðu atvinnugreinum landshlutans en auk hennar eru landbúnaður, sjávarútvegur og ýmsar þjónustugreinar stóru stoðirnar í atvinnulífi landshlutans. (SASS, 2020) Í áfangastaðaaætlun er fyrst og fremst hugsað til Suðurlands í heild líkt og nálgunin er í markaðssetningu landshlutans, áfangastaður undir merkjum Visit South Iceland á erlendum mörkuðum en Upplifðu Suðurland á íslenska markaðnum. Þar sem ólíkar áskoranir og tækifæri eru til staðar á svæðum innan þessa stóra landshluta, er einnig unnið með þrískiptingu landshlutans. Helsta markmiðið með því er að draga fram styrkleika hvers svæðis og fá gesti til að dvelja lengur þar sem Suðurland hefur upp á svo margt fjölbreytt að bjóða og upplifa.

Þessi þrískipting hefur fest sig í sessi í tengslum við ferðaþjónustu, hvert og eitt svæði hefur sitt einkunnarorð sem endurspeglar sérstöðu svæðisins. Svæðin eru:

Gullna hrings svæðið: Árnessýsla, Ásahreppur og Rangárþing ytra með einkunnarorðið ORKA

Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar: Rangárþing eystra, Vestmannaeyjar, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur með einkunnarorðið KRAFTUR


Ríki Vatnajökuls: Sveitarfélagið Hornafjörður með einkunnarorðið HREINLEIKI.




Áfangastaðurinn Suðurland hefur verið með hæsta meðmælaskor (NPS skor) landshlutanna í mælingum Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna, verið með 4,9 stig af 5 mögulegum, árið 2022, en heildar meðmælaskor Íslands er 4,5. **Þeir þættir sem skora hæst hjá erlendum ferðamönnum sem myndu mæla með Íslandi eru náttúra, landslagið, fegurð, upplifun, andrúmsloftið, afþreying, menning, viðburðir, gestrisni, heimamenn og að landið sé einstakt.** (Oddný Þóra Óladóttir, 2022) Þessi gögn benda til þess að erlendir ferðamenn séu líklegir til að mæla með Suðurlandi vegna þess hve margar af stærstu náttúrperlum landsins eru staðsettar á Suðurlandi, aðgengi að þeim er gott og stutt er á milli þeirra. Gæði og verð fari vel saman og að markaðssetningin sé á pari við væntingar gestsins við komu á landshlutann. Einnig er löng hefð fyrir ferðaþjónustu og móttöku gesta inn á svæðið, þar starfa mörg rótgróin og reynslumikil ferðaþjónustufyrirtæki, sem byggja á gæðum og gestrisni Sunnlendinga.

2.1. Þéttbýli Suðurlands

Sveitarfélög á Suðurlandi eru 15 talsins og þéttbýlin 20. Lang flest þéttbýlin hafa myndast í kringum þjónustu einhverskonar, sjávarútveg, verslun eða skólaeiningar.



2.2. Auðlindir Suðurlands




* (SASS, 2020)

2.3. Áfangastaðir á Suðurlandi

Fjölmargar náttúruperlur Suðurlands eru friðaðar og því á forræði ýmissa aðila eins og Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Auk þess eru einhverjar á Landsáætlun um uppbyggingu innviða, á forræði sveitarfélaga eða í einkaeigu. Því getur verið flókið að vinna að markvissri uppbyggingu nema sameiginleg sátt sé um að hlúa að stöðum þannig að ágangur á náttúru sé í lágmarki og að upplifun gesta sé hávær miðað við aðstæður. Hér á eftir eru dregnir fram helstu áningarstaðir, áfangastaðir og seglar Suðurlands. Þar sem ómögulegt er að lista upp alla staði á Suðurlandi eru helstu og þekktustu fossar, fjöll, gil, jöklar og lón talin upp sem dæmi en ekki er um tæmandi lista að ræða heldur er hugsunin að draga fram og sýna fjölbreytileikann sem er til staðar á Suðurlandi.

2.4. Stóru perlur Suðurlands

Suðurland er auðugt af náttúruperlum og margar þeirra eru meðal aðal náttúrasegla Íslands. Hér eru þær skilgreindar sem stóru perlurnar í perlufesti Suðurlands. Samkvæmt markaðsgreiningu sem unnin var fyrir áfangastaðinn er aðgreining og sérstaða Suðurlands meðal annars að landshlutinn býr yfir fjölbreyttri náttúru og sterkum náttúraseglum með mikið aðdráttarafl sem auðvelt er að nálgast og upplifa. Þessi fjölbreytileiki náttúrasegla ásamt þjónustuframboði gerir gestum Suðurlands kleift að njóta þess besta sem Ísland hefur upp á að bjóða.



2.5. Friðlýst svæði

Friðlýst svæði á Suðurlandi eru 26 talsins. Friðlýsing byggir á lögum um náttúruvernd. Svæði sem hljóta friðlýsingu búa yfir slíkri sérstöðu að þurfa þykir að vernda þau til framtíðar. Sérstaðan getur meðal annars falist í fegurð svæðis, dýralífi, plöntulífi, fræðslu og menningargildi svæðisins eða náttúruþyrifbærum sem eru einstök á lands- eða heimsvísu. Mismunandi reglur gilda á svæðum eftir því hversu mikil vernd er talin nauðsynleg til að varðveita sérstöðu þess. Friðlýsing skapar vettvang þar sem fólk getur notið útiveru í lítt snortinni náttúru, einnig kemur friðlýsing á skipulagi sem tryggir vernd náttúrunnar á til lengri tíma. (Umhverfisstofnun, 2022)



FRIDLYST SVÆÐI

- Árnahellir í Leitahrauni
- Friðland að Fjallabaki
- Geysissvæðið
- Gullfoss
- Herdísarvík
- Jörundur í Lambahrauni
- Kerlingarfjöll
- Oddaflóð
- Pollengi og Tunguey
- Landslagsverndarsvæði í Þjórsárdal
- Vatnajökulspjóðgarður
- Viðey í Þjórsá
- Þjóðgarðurinn Þingvellir
- Þjórsárver



FRIDLYST SVÆÐI

- Álftaversgígar
- Dverghamrar
- Dyrhólaey
- Kirkjugólf
- Skógafoss
- Surtsey
- Vatnajökulspjóðgarður



FRIDLYST SVÆÐI

- Díma í Lóni
- Háalda
- Ingólfshöfði
- Lónsöræfi
- Ósland
- Salthöfði og Salthöfðamýrar
- Vatnajökulspjóðgarður



2.6. Staðir á Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Landsáætlun um uppbyggingu innviða er stefnumarkandi áætlun til 12 ára um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum, leiðum og svæðum í eigu ríkisins. Í henni eru sett fram markmið um stýringu og sjálfbæra þróun, vernd náttúru og menningarsögulegra minja, öryggismál, skipulag og hönnun og ferðaleiðir. Alþingi samþykkti áætlunina sem þingsályktun í júní 2018. Samhliða áætluninni gildir þriggja ára verkefnaáætlun þar sem settar eru fram tillögur að verkefnum á ferðamannastöðum auk eflingar landvörslu. (Stjórnarráð Íslands, e.d.)



Á LANDSÁÆTLUN 2023-2025

- Þingvellir - Þinghelgi, Þingvallahraun, Hakið
- Geysir
- Gullfoss
- Keldur á Rangárvöllum
- Stöng í Þjórsárdal
- Gjáin í Þjórsárdal
- Þjórsárdalsskógur
- Hjálparfoss
- Friðland að Fjallabaki
- Laugahringur
- Friðlýst svæði á SV-landi
- Fjóshellir á Ægissíðu
- Þingskálar



Á LANDSÁÆTLUN 2023-2025

- Þórsmörk og Goðaland
- Skógafoss - láglandi
- Dyrhólaey
- Laki - Tjarnargígur
- Kirkjugólf
- Dverghamrar




Á LANDSÁÆTLUN 2023-2025

- Breiðamerkursandur/Þröng
- Sandfell í Örfæum
- Skaftafell - Magnúsarfoss, Svartifoss
- Jökulsárlón
- Hjallanes
- Heinabergslón
- Skaftá - Göngubrú



Varða – Merkisstaðir Íslands

Á vormánuðum 2021 kynnti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið nýtt verkefni *Varða – merkisstaðir Íslands*. Þeir staðir sem hjóta merkið Varða eru fyrirmyndarstaðir á Íslandi þar sem farið er í heildstæða nálgun á áfangastaðastjórnun. (Stjórnarráð Íslands, á.á.) Verkefni þetta er góð viðbót við þá uppbyggingu sem á sér stað hjá ríki, sveitarfélögum og öðrum sem vinna að uppbyggingu áfangastaða. Í fyrsta áfanga þessa verkefnis eru fjórir staðir á lista, eru þeir allir staðsettir á Suðurlandi og allir í eigu ríkisins. Í júní 2022 voru Þingvellir formlega viðurkenndir sem fyrsta Varðan á Íslandi. Með Vörðu skuldbindur umsjónaraðili áfangastaðar sig til að vera til fyrirmyndar við stjórnun og umsjón hans og að við áframhaldandi þróun sé sífellt unnið að sjálfbærni á öllum sviðum.



2.7. Þjóðgarðar og jarðvangur

Á Suðurlandi eru tveir þjóðgarðar, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Vatnajökulsþjóðgarður og einn jarðvangur, Katla jarðvangur. Báðir þjóðgarðarnir sem og jarðvangurinn eru með UNESCO vottun. Þá má nefna að Surtsey er einnig á heimsminjaskrá UNESCO.



ÞJÓÐGARÐAR OG JARÐVANGAR

- Vatnajökulsþjóðgarður
- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum



ÞJÓÐGARÐAR OG JARÐVANGAR

- Katla UNESCO Global Geopark
- Vatnajökulsþjóðgarður



ÞJÓÐGARÐAR OG JARÐVANGAR

- Vatnajökulsþjóðgarður



2.8. Fjöll

Fjöll á Suðurlandi eru fjölmörg, þar má nefna bæði virk og óvirk eldfjöll, fjöll undir jökli og stakstæð fjöll. Hér eru helstu fjöll Suðurlands upptalin, listinn er ekki tæmandi heldur gerður til að sýna dæmi um fjölbreytileika á Suðurlandi.



FJÖLL

- Búrfell í Grímsnes- og Grafningshreppi
- Búrfell í Skeiða- og Gnúpverjahrepp
- Hekla
- Hestfjall
- Ingólfsfjall
- Kálfstindar
- Kerhóll
- Langholt
- Laugarfell
- Laugarvatnsfjall
- Miðfell
- Mosfell
- Vörðufell



FJÖLL

- Eldfell
- Gjátindur
- Hafursey
- Hatta
- Helgafell
- Hjörleifshöfði
- Laki
- Lómagnúpur
- Mælifell
- Pétursey
- Reynisfjall
- Sveinstindur
- Tindfjöll
- Valahnjúkur í Þórsmörk
- Þríhyrningur



FJÖLL

- Bergárdalsheiði
- Birnudalstindur
- Geitafell
- Geitakinn
- Hrútfellstindar
- Hvannadalshnjúkur
- Ingólfshöfði
- Ketillaugarfjall
- Kristínartindar
- Miðfellstindur
- Sandfell
- Setbergsheiði
- Skarðstindar
- Vestrahorn
- Þverártindsegg



2.9. Fossar Suðurlands

Eitt af einkennum Suðurlands eru fossar. Marga þekktustu fossa landsins má finna á Suðurlandi. Hér eru helstu fossar Suðurlands. Listinn er ekki tæmandi heldur gerður til að sýna dæmi um fjölbreytileika á Suðurlandi. Miðað er við að staðir á listanum búi yfir ágætu aðgengi. Staðir sem ekki hafa viðeigandi aðstöðu til að taka á móti fjölda ferðamanna koma ekki fram á þessum lista.



FOSSAR

- Brúarfoss
- Dynkur
- Faxi
- Fossabrekkur
- Gjáin í Þjórsárdal
- Gullfoss
- Háifoss og Granni
- Hjálparfoss
- Rauðufossar
- Reykjafoss
- Urriðafoss
- Þjófafoss
- Ægisíðufoss
- Öxarárfoss



FOSSAR

- Fagrifoss
- Foss á Síðu
- Gljúfrabúi
- Gluggafoss
- Kvernufoss
- Ófærufoss
- Seljalandsfoss
- Skógafoss
- Stjórnarfoss
- Systrafoss



FOSSAR

- Svartifoss
- Hundafoss
- Magnúsarfoss
- Þjófafoss
- Gróflækjarfoss
- Bólstaðarfoss
- Mígandi



Gljúfur og ár

Mörg þekktustu gljúfur landsins má finna á Suðurlandi. Hér eru helstu gljúfur og ár Suðurlands, listinn er ekki tæmandi heldur gerður til að sýna dæmi um fjölbreytileika á Suðurlandi. Miðað er við að staðir á listanum búi yfir ágætu aðgengi. Staðir sem ekki hafa viðeigandi aðstöðu til að taka á móti fjölda ferðamanna koma ekki fram á þessum lista.



GLJÚFUR OG ÁR

- Almannagjá
- Brúarhlöð
- Hvítá
- Sigöldugljúfur
- Sogið
- Stóru-Laxárgljúfur
- Varmá
- Ytri Rangá
- Þjórsá
- Ölfusá



GLJÚFUR OG ÁR

- Eystri Rangá
- Fjaðrárgljúfur
- Fossálar
- Markarfljótsgljúfur
- Múlakvísl
- Nauthúsagil
- Skaftá
- Stakkholtsgjá



GLJÚFUR OG ÁR

- Áin við Bólstaðarfoss í Skaftafelli
- Áin við Lambhaga í Skaftafelli
- Múlagljúfur



2.10. Jöklar og lón

Jöklar og jökullón eru eitt af lykileinkennum Suðurlands. Eitt einkunnarorða Suðurlands er hreinleiki sem kallast á við jöklana. Hér eru helstu jöklar og jökullón Suðurlands listað upp, listinn er ekki tæmandi heldur gerður til að sýna dæmi um fjölbreytileika á Suðurlandi.



JÖKLAR OG LÓN

- Langjökull



JÖKLAR OG LÓN

- Eyjafjallajökull
- Gígjökull
- Kötlujökull
- Mýrdalsjökull
- Sólheimajökull



JÖKLAR OG LÓN

- Breiðárlón
- Falljökull
- Fjallsárlón
- Fláajökull
- Heinabergsjökull og Heinabergslón
- Hoffellsjökull og Hoffellslón
- Jökulsárlón
- Skaftafellsjökull
- Skálafellsjökull
- Vatnajökull
- Örfajökull



2.11. Eldvirkni

Stór hluti af gosbelti landsins liggur um Suðurland og því eru leifar af eldvirkni fyrri alda vel sýnilegar innan landshlutans. Þekktustu eldstöðvar landsins má finna á Suðurlandi: Grímsvötn, Heklu, Kötlu og Vestmannaeyjar svo að dæmi séu nefnd. Á svæði Kötlu jarðvangs og Vestmannaeyja endurspeglar einkunnarorð svæðisins, kraftur, fjölmargar eldstöðvar sem staðsettar eru á svæðinu. Hér eru helstu staðir sem hafa myndast vegna eldvirkni eða eru virkar eldstöðvar. Listinn er ekki tæmandi heldur gerður til að sýna dæmi um fjölbreytileika á Suðurlandi.



2.12. Fjörur og sandar

Suðurströndin er ein vinsælasta ferðaleið landsins og þræðir margar af perlum Suðurlands. Fjölbreytileiki fjara og sanda á Suðurlandi er mikill, sem dæmi má nefna sandfjörur, hraunfjörur og sanda undan jöklum sem gefa kost á mismunandi upplifun gesta. Margar af þekktustu fjörum og söndum landsins má finna á Suðurlandi. Hér eru helstu fjörur og sandar Suðurlands, listinn er ekki tæmandi heldur gerður til að sýna dæmi um fjölbreytileika á Suðurlandi.



FJÖRUR OG SANDAR

- Eyrarbakka fjara
- Skötubót
- Stokkseyrarfjara
- Þykkvabæjarfjara



FJÖRUR OG SANDAR

- Landeyjasandur
- Mýrdalssandur
- Reynisfjara
- Sólheimasandur
- Víkurfjara



FJÖRUR OG SANDAR

- Skeiðarársandur
- Breiðamerkursandur
- Eystri-Fellsfjara
- Vestari-Fellsfjara
- Suðurfjörur
- Austurfjörur
- Hvalnes



2.13. Jarðhitasvæði

Geysir, þekktasti hver heims, er staðsettur á Suðurlandi. Hverasvæði þar sem almennt aðgengi er að má helst finna á Gullna hrings svæðinu og endurspeglar þau einkunnarorð svæðisins, orka. Hér eru helstu hverasvæði Suðurlands upp talin en auk þessara svæða má finna ýmis minni hverasvæði. Listinn er því alls ekki tæmandi heldur gerður til að sýna dæmi um fjölbreytileika á Suðurlandi.



JARÐHITASVÆÐI

- Geysir
- Hveragarðurinn í Hveragerði
- Hverahólminn Flúðum
- Hveradalur
- Kerlingarfjöll
- Laugarvatn
- Landmannalaugar
- Reykjadalur



JARÐHITASVÆÐI

- Hoffell í Nesjum



2.14. Gönguleiðir

Fjöldmargar lengri og styttri gönguleiðir má finna á Suðurlandi, hvort sem það eru gamlar þjóðleiðir eða skipulagðar leiðir. Margar af elstu og vinsælustu gönguleiðum á landinu má finna á Suðurlandi en einnig er verið að vinna að nýjum leiðum. Hér eru helstu lengri gönguleiðir Suðurlands, listinn er ekki tæmandi heldur gerður til að sýna dæmi um fjölbreytileika á Suðurlandi.

 <p>GÖNGULEIÐIR</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ásavegur • Laugavegurinn • Reykjadalur • Vitaleiðin 	 <p>GÖNGULEIÐIR</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ástarbrautin á Klausturheiði • Fimmvörðuháls • Landbrotshólar • Sveinstindur - Skælingar • Strútsstígur 	 <p>GÖNGULEIÐIR</p> <ul style="list-style-type: none"> • Birnadalstindur • Gönguleið fyrir Horn • Hoffell • Hvannadalshnúkur • Hrútfellstindar • Jöklaleiðin • Kristínartindar • Lónsöræfi • Mýrajökklar • Skaftafell
--	---	---

2.15. Skógar

Skógar á Suðurlandi fara vaxandi og eru orðnir góð viðbót til útivistar og sem áningarstaðir. Hér eru helstu skógar taldir upp, listinn er alls ekki tæmandi heldur gerður til að sýna dæmi um fjölbreytileika á Suðurlandi.

 <p>SKÓGAR</p> <ul style="list-style-type: none"> • Haukadalsskógur • Hellisskógur • Laugarvatnsskógur • Þjórsárdalsskógur • Þrátaskógur 	 <p>SKÓGAR</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skógar • Skógurinn á Kirkjubæjarklaustri • Tumastaðaskógur • Þorsteinslundur • Þórsmörk 	 <p>SKÓGAR</p> <ul style="list-style-type: none"> • Bæjarstaðarskógur • Haukafell
---	--	--



2.16. Mannvirki

Mannvirki ýmiskonar eru áhugaverðir áningar- og áfangastaðir, bæði þar sem er söguskírskotun eins og Rútshellir og mannvirki sem hafa fengið nýtt hlutverk eins og flugvélarflakið á Sólheimasandi sem dæmi. Hér eru ýmis áhugaverð mannvirki talin upp. Listinn er ekki tæmandi heldur gerður til að sýna dæmi um fjölbreytileika á Suðurlandi. Miðað er við að staðir á listanum búi yfir ágætu aðgengi. Staðir sem ekki hafa viðeigandi aðstöðu til að taka á móti fjölda ferðamanna koma ekki fram á þessum lista.



MANNVIRKI

- Flóaáveita
- Gamla Þjórsárbrúin
- Hafnarnesviti
- Knarrarósviti
- Selvogsviti
- Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal



MANNVIRKI

- Dyrhólaeyjarviti
- Flugvélarflakið á Sólheimasandi
- Gullmolinn á Klausturheiði
- Stórhöfðaviti
- Rútshellir



MANNVIRKI

- Brúarbrot Skeiðará
- Stokksnes
- Hvalnesviti
- Gamla brúin yfir Heinabergsá
- Sel í Skaftafelli



2.17. Hálendisperlur Suðurlands

Perlur landshlutans eru ekki eingöngu á láglendinu því fjölmargar leiðir liggja af Suðurlandi inn á hálendið. Þar má helst nefna leiðir inn á Kjöl og Sprengisand, Fjallabaksleiðir Nyrðri og Syðri og leiðir inn í Lakagíga og Lónsöræfi. Suðurlandið er ríkt af hálendisperlum og að öðrum ólöstuðum þá eru hér nokkur dæmi:



HÁLENDIÐ

- Álftavatn
- Fjallabak
- Kerlingarfjöll
- Kjölur
- Landmannalaugar
- Ljótípollur
- Sprengisandur
- Vonarskarð



HÁLENDIÐ

- Eldgjá og Ófærufoss
- Fögrufjöll
- Höfðabrekkuheiði og Þakgil
- Lakagígar
- Langisjór
- Mælifell
- Þórsmörk



HÁLENDIÐ

- Lónsöræfi
- Vatnajökull
- Hvannadalshnjúkur
- Grímsvötn



2.18. Söfn og sýningar:

Fjöldmörg söfn og sýningar má finna á Suðurlandi. Hér eru talin upp þau helstu en listinn er ekki tæmandi heldur hugsaður til að sýna fjölbreytileika safna og sýninga á Suðurlandi.



SÖFN OG SÝNINGAR

- Draugasetrið
- Fischersetur
- Gestastofan Ljósafossi
- Hakið Þingvöllum
- Húsið Eyrarbakka
- Jarðhitasýningin Hellisheiði
- Keldur
- Konubókastofa
- Laugarvatnshellar
- Listasafn Árnesinga
- Þjóðveldisbærinn
- Ægissíðuhellar



SÖFN OG SÝNINGAR

- Eldheimar
- Gestastofa Beluga Whale Sanctuary
- Hafnleysa
- Kötlusetur
- Lava Centre
- Lava Show
- Njálurefillinn
- Sagnheimar
- Skaftárstofa
- Skansinn
- Skógasafn



SÖFN OG SÝNINGAR

- Gamlabúð
- Þórbergssetur
- Listasafn Svavars Guðnasonar
- Menningarmiðstöð Hornafjarðar - Höfn
- Skaftafellsstofa



2.19. Staðir sem í dag eru ekki notaðir í markaðslegum tilgangi til að kynna áfangastaðinn Suðurland

Á Suðurlandi eru nokkrir þekktir staðir sem er ekki æskilegt, t.d. vegna aðstæðna og aðgengis, að séu nýttir í markaðslegum tilgangi til að kynna áfangastaðinn Suðurland. Þessir staðir eiga það sameiginlegt að vera vel þekktir á samfélagsmiðlum og af afspurn. Á sumum þeirra hefur einhver uppbygging átt sér stað en á einhverjum engin uppbygging. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að ekki sé búið að gera aðgengi að þessum stöðum þannig að þeir anní auknum gestafjölda. Þar má t.d. nefna sértækar staðbundnar aðstæður, að staðurinn sé nýlega uppgötvaður sem ferðamannastaður, land er í einkaeigu, ágreiningur milli landeigenda eða svæðið viðkvæmt fyrir átroðningi gesta.

STAÐIR EKKI NÝTTIR Í MARKAÐSSETNINGU

- Seljavallalaug



2.20. Sögu perlur Suðurlands

Á Suðurlandi ríkir gróskumikið menningarlíf og býr svæðið yfir mikilli sögu aftur til landnáms. Þingvellir, Skálholt, Vestmannaeyjar og Ingólfshöfði eru dæmi um sögufræga staði, einnig er Suðurland sögu svið Íslendingasagna líkt og Njálu. Nýlega var lokið við að sauma Njálssögu út á refil sem er 91,16 m langur, líklega sá lengsti í heiminum, sem fjöldi manns alls staðar að úr veröldinni hefur komið að því að sauma. Reflinum hefur ekki verið fundinn endanlegur sýningastaður þegar þessi áætlun er gefin út. Suðurland er einnig auðugt af vönduðum sýningum og söfnum þar sem sögu lands, þjóðar og náttúru er gerð góð skil.

Hér eru helstu söguperlur Suðurlands, tekið skal fram að ekki er um endanlega upptalningu að ræða heldur einungis stiklað á stóru til að draga fram fjölbreytileikann.



Eyrarbakki var áður helsti verslunarstaður Suðurlands. Að ganga um götur Eyrarbakka er eins og að ferðast aftur í tímann, með mörg hús byggð á árunum 1890-1920. Þar má meðal annars finna Húsið sem var byggt árið 1765 og hýsir nú Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið. Í þorpinu eru einnig áhugaverð menningarsetur líkt og Konubókastofa og Bakkastofa.




Oddi á Rangárvöllum var á öldum áður eitt mesta höfðingja- og menntasetur Íslands og þar ólst Snorri Sturluson upp, meðal annarra. Oddi var um aldir stórbýli, fjölmargar hjáleigur fylgdu Odda og átti kirkjan ítök víða. Talið er að kirkja hafi staðið í Odda frá upphafi kristni á Íslandi. Núverandi kirkja er timburkirkja frá árinu 1924 og teiknuð af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins.



 **Skálholt**

Saga **Skálholts** er jafn löng landnámi Íslands og er staðurinn einn af merkustu sögustöðum á Íslandi. Skálholt varð biskupsstóll árið 1056 og var vagga æðri menntunar um aldir og stjórnsetur Íslands. Mikið af sögu Skálholts hefur varðveist og hægt er að fræðast um hana á sýningu kirkjunnar og í Skálholtsskóla.



 **Þingvellir**

Saga Íslands og íslensku þjóðarinnar kemur hvergi betur fram á einum stað en á **Þingvöllum**. Þar var Alþingi stofnað um árið 930 og kom það saman á Þingvöllum allt fram til ársins 1798. Meginviðburðir Íslandssögunnar hafa gerst þar og því skipa Þingvellir sérstakan sess í hugum allra Íslendinga. Þingvellir eru í dag friðlýstur helgistaður Íslendinga. Í lögum segir að hið friðlýsta land skuli ævinlega vera eign íslensku þjóðarinnar og undir vernd Alþingis. Þingvellir eru á heimsminjaskrá UNESCO.



 **Stöng**

Á þjóðveldisöld var Þjórsárdalur líflegur og grösugur dalur en árið 1104 eyddist byggðin vegna mikils gjóskufalls frá Heklugosi. Þar hafa fundist fjölmargar rústir og sú merkasta er af stórbýlinu **Stöng**. Stangarbærinn er fyrirmynd að Þjóðveldisbænum í Þjórsárdal, tilgátuhúsi sem byggt var í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974.

2.21. Ferðaleiðir á Suðurlandi

Á Suðurlandi eru fjölbreyttar ferðaleiðir. Sumar sjálfsprottnar í kringum stórbrotnar náttúruperlur og áhugaverða staði til að heimsækja, einhverjar eru gamalgrónar gönguleiðir og svo eru þær sem eru skipulagðar markvisst með það að markmiði að laða gesti að, hægja á þeim, fá þá til að ferðast víðar um svæði og dvelja lengur.

Gullni hringurinn er þar fremstur í flokki og er líklega elsta og jafnframt fjölsóttasta ferðaleið landsins. Hringurinn skartar þekktum og mikilfenglegum náttúruperlum, Þingvöllum, Gullfossi og Geysi, sem hafa laðað ferðamenn að langt aftur í aldir. Til eru gamlar teiknaðar myndir ásamt rituðum heimildum um þessi miklu náttúruundur. Hátt hlutfall erlendra ferðamanna sem koma til landsins í dag fara um Gullna hringinn að hluta eða í heild sem og innlendir gestir. Sem dæmi komu 79% þeirra sem heimsóttu Suðurland árið 2021 á Geysi. (Oddný Þóra Óladóttir, 2022) Með árunum hefur þessi ferðaleið og ferðavenjur gesta þróast og breyst töluvert. Samgöngubætur og nýir þjónustustaðir á Gullna hringnum og í nágrennasveitum hafa gert hann stærri og fjölbreyttari en áður. Í dag má líkja honum við keðju fremur en hring þar sem möguleikar á mismunandi hringleiðum og fjölmörgum áningarstöðum gera það að verkum að ferðamenn fara hægar yfir en áður og njóta fleiri staða. Hinn gamli Gullni hringur er í hugum flestra leiðin frá Reykjavík um Mosfellsheiði til Þingvalla þaðan um Lyngdalsheiði að Laugarvatni, Geysi og Gullfossi og til baka í gegnum Reykholt, niður Grímsnes og um Hellisheiði til Reykjavíkur. Gullni hringurinn er farinn á marga vegu í dag og með fjölmörgum viðkomustöðum.



Fleiri náttúruperlur, fjölbreytt upplifun og þjónusta er í boði:

1. Þingvellir – Laugarvatn – Geysir – Gullfoss – Reykholt – Hvítárbrú – Flúðir – Þjórsárdalur – Selfoss
2. Þingvellir – Laugarvatn – Geysir – Gullfoss – Brúarlöð – Flúðir – Hvítárbrú – Reykholt – Laugarás – Skálholt – Selfoss
3. Selfoss – Þjórsárdalur – Flúðir – Brúarlöð – Gullfoss – Geysir – Reykholt – Grímsnes
4. Grímsnes – Skálholt – Laugarás – Flúðir – Hvítárbrú – Reykholt – Gullfoss – Geysir – Laugarvatn – Lyngdalsheiði – Þingvellir

Önnur sjálfsprottin ferðaleið er **Suðurströndin** (The South Coast). Leiðin hefur verið vinsæl ferðaleið meðfram þjóðvegi 1 að Vík eða í sumum tilfellum austur á Jökulsárlón. Á leiðinni gefst kostur á að sjá og skoða nokkrar af þekktum perlum Suðurlands, bera augum jökla, svartar fjörur og fossa. Þó leiðin henti vel sem dagsferð frá Reykjavík er einnig mikilvægt fyrir svæðið að ferðamenn fari hægar yfir. Dvelji ferðamenn lengur á svæðinu, taki lengri tíma til að skoða sig um og uppgötva fleiri staði, afþreyingu, menningu og mat á leiðinni eykur það líkur á að upplifunin á svæðinu verði enn betri og efnahagsleg áhrif meiri.

Fjölmargar þekktar **gönguleiðir** eru á Suðurlandi og þá má helst nefna Hengilssvæðið, Laugavegin, Fimmvörðuháls, margar leiðir að Fjallabaki, Jöklaleiðina undir Vatnajökli og gönguleiðir í Lónsöræfum. Markaðstofan hefur í tengslum við ferðaleiðaverkefnið unnið að handbókum um gerð hjóla- og gönguleiða til stuðnings þeim sem eru að vinna að nýjum og eldri leiðum. Nálágast má handbækurnar á vef Markaðstofu Suðurlands www.south.is

Ein nýjasta ferðaleið Suðurlands er **Vitaleiðin**, sem er staðsett á Gullna hringi svæðinu, tæplega 50km að lengd. Nafngiftin kemur vegna vitanna, Selvogsvita og Knarrarósvita sem marka upphaf og enda leiðarinnar, að auki er þriðji vitinn á leiðinni Hafnarnesviti í Þorlákshöfn. Vitaleiðin dregur athygli ferðafólks að þorpunum og svæðinu við sjóinn. Á Vitaleiðinni eru þrjú þorp heimsótt, hvert með sína sérstöðu, Þorlákshöfn, Eyrarbakki og Stokkseyri. Vitaleiðin dregur fram þá miklu sögu og menningu sem er til staðar á svæðinu sem og ýmsa möguleika á að upplifa fjölbreytta afþreyingu og náttúru. Leiðin hentar einstaklega vel til göngu og þá tilvalið að skipta leiðinni upp í þrjár dagleiðir. Vitaleiðin býður upp á þá skemmtilegu fjölbreytni að ferðalangar geta nýtt ýmsa ferðamáta til að njóta leiðarinnar. Hægt er að fara hana akandi eða nýta strandlengjuna og þá göngustíga sem búið er að gera og farið hana gangandi, hlaupandi,



hjólandi eða ríðandi á hestum. Grunnurinn að Vitaleiðinni var lagður í Áfangastaðaaætlun Suðurlands 2018, en í þeirri áætlun var mikil áhersla lögð á að fá ferðamenn til að ferðast víðar um svæðið og dvelja lengur. Til umræðu var að mikilvægt væri að byggja upp fleiri leiðir sem skýran valkost með hinum vel þekktu áfangastöðum á Gullna hringnum og Suðurströndinni. Hugmyndin að Vitaleiðinni vaknaði því í kjölfarið þegar verið var að leggja grunn að verkefni um ferðaleiðir sem svar við þessari þörf. Vitinn hefur leiðbeint sjófarendum og stýrt þeim á áfangastað í gegnum árin og eru þeir því táknrænar vörður fyrir ferðaleiðina. Þannig tengjast Vitarnir betur ferðapjónustunni og búa til möguleika á að nýta þá og þeirra sögu til að leiðbeina ferðamönnum inn á Suðurland og um svæðið um leið.


Nokkur öflug fyrirtæki í landshlutanum unnu að eigin frumkvæði að nýrri þematengdri ferðaleið, Ullarhringnum. **Ullarhringurinn** er samstarfsverkefni Hespúhússins í Ölfusi, Ullarverslunarinnar Þingborg í Flóahreppi, Uppspuna, Hárlaugsstaða, Miðáss í Ásahreppi og Skálholts í Bláskógabyggð. Á Ullarhringnum er hægt að sameina upplifun á einstakri

náttúru og hágæða íslensku handverki. Á Suðurlandi eru rekin metnaðarfull fyrirtæki sem eiga það sameiginlegt að nota ullina á umhverfissvænan og sjálfbæran hátt og gera henni hátt undir höfði. Hespuhúsið er opin jurtalitunarvinnustofa þar sem gestum býðst að fræðast um litunarhefðina og kíkja í litunarpottana. Ullarverslunin Þingborg selur sérunninn lopa og ullarband og handunnar þrjónavörur í sérflokk. Uppspuni framleiðir íslenskt ullarband í fjölskyldurekinni smáspunaverksmiðju. Á Hárlaugsstöðum eru skinn og gærur sýtaðar. Skálholt er höfuðból að fornu og nýju og tengir Ullarhringinn við Gullna hringinn. Þar er í boði gisting og veitingasala og geta ferðalangar notið veitinga í fallegu umhverfi umvafin íslenskri menningarsögu. (TheWoollenCircle.com, 2020)

Eldfjallaleiðin er ný ferðaleið í þróun. Undirbúningur hófst vorið 2022 í samstarfi við Markaðsstofu Reykjaness og voru haldnar líflegar vinnustofur með hagaðilum þá um haustið. Eldfjallaleiðin er áhersluverkefni sóknaráætlunar Suðurlands með það markmið að lengja dvöl ferðamanna á svæðinu. Niðurstöður af vinnustofum sýndu ákall hagaðila eftir ábyrgum og fróðleiksfúsum ferðamönnum. Leiðin liggur eins og rauður eldfjallaþráður frá Reykjanesbæ til Hafnar í Hornafirði, með lykkjum sem tengja saman helstu eldvirknitengdu áfangastaði landshlutanna.


Ýmis tækifæri felast í því að vinna að fleiri ferðaleiðum, styttri og lengri, hvort sem gömlum þjóðleiðum sé gefið nýtt líf eða unnið að því að skipuleggja nýjar ferðaleiðir frá grunni.

Browse the eight stages of The Volcanic Way




1. Fagradalsfjall

Located in Reykjanes Peninsula, a captivating geological wonderland where the raw power of nature is on full...




2. Hengill

As you reach the vicinity of Hengill, you will start noticing steam rising from hills, mountains, and even within the...




3. Hekla

Hekla has been dubbed the Queen of Iceland's volcanoes. The one that has erupted most frequently in recent years:




4. Eyjafjallajökull

Eyjafjallajökull is an ice-capped volcano that famously erupted in 2010. Its ash cloud affecting air traffic widely i...




5. Eldfell

One fateful night in 1973, the people of Westman islands woke up to a volcanic eruption at the edge of the town.




6. Katla

The vicinity of Katla is recognized by its vast black sands. While the volcano itself is hiding under thick layers of ice,...



7. Laki

The vast lava fields of the Laki region can seem otherworldly. Two significant volcanic eruptions produce...



8. Öraefajökull

Vatnajökull glacier is everpresent as you explore the easternmost part of The Volcanic Way. Its highest peak is...

Frequently asked questions

Questions and answers for anyone traveling The Volcanic Way

Eldfjallaleiðinni er skipt upp í átta svæði.

2.22. Matarauður Suðurlands

Suðurland er auðugt af fjölbreyttu hráefni, hvort sem er af sjó eða landi, ferskur fiskur, humar, grænmeti og aðrar landbúnaðarafurðir, mjólk, lambakjöt, svínakjöt, kjúklingur og nautakjöt svo dæmi séu tekin. Verkefnið Matarauður Suðurlands, sem hófst 2019, styrkir ekki einungis stoðir ferðaþjónustunnar innan landshlutans heldur einnig landbúnaðarins og sjávarútvegsins. Með því að draga enn betur fram þær matarhefðir sem Suðurland býr yfir ásamt því að kortleggja þá matvælaframleiðslu og matarupplifun sem hægt er að njóta á Suðurlandi, er komin heildræn mynd af þeim fjölbreytta matarauði sem landshlutinn hefur upp á að bjóða. Slík kortlagning skapar möguleika á að vinna enn frekar og markvissar í vörupróun og nýsköpun í matvælaframleiðslu og matarupplifun sem byggir svo undir sterkari ímynd svæðisins sem mataráfangastaður. Á vefsíðu Markaðsstofu Suðurlands má finna kortlagningu yfir matarauð Suðurlands.

Matarhefðir

Landfræðileg lega landsins mótar að mestu leiti matvælaframleiðslu Íslands. Hér er temprað rakt sjávarloftslag og mikill munur á birtu eftir árstíðum. Landkostir eru misjafnir eftir svæðum, svo sem vegna veðurfars, fjarlægðar frá sjó og aðgengi að undirlendi. Skapar það því hverju svæði sérstöðu bæði í matarræði og framleiðslu. Þá hafa hlunnindi, hefðir og saga einnig þar mikið að segja. Sem dæmi hafa verið bökuð hverabrauð á hverasvæðum í Árnessýslu, hvönn og melur nýtt í Skaftafellssýslu og fýlaveiðar stundaðar undir Eyjafjöllum og í Mýrdal sem dæmi.

Margir tengja ákveðin matvæli við sérstaka staði, til dæmis grænmeti við Uppsveitirnar, humar við Stokkseyri og Höfn í Hornafirði eða lunda við Vestmannaeyjar. Nú til dags er reynt að ýta enn meira undir slíkar hefðir

með ýmsum matarhátíðum. Þannig er hægt að halda í ákveðnar hefðir og draga fram þá matvælaframleiðslu sem er á hverjum stað og mikilvægi hennar. Til að draga fram sérstöðuna liggja möguleikar í að tengja saman marga þætti, til dæmis tengja sögur af skipsströndum og áhrifum erlendra sjómanna á matreiðslu hráefnis (*koníakslegin hreindýralifur og bygg-bisquit*) og vinna meira með staðbundið hráefni eins og að selja jöklakartöflur, humarolíu og reyktan ál í Hornafirði.

Gerum Suðurland að einum helsta mataráfangastað landsins

Mörg tækifæri eru fyrir landshlutann Suðurland að vinna meira með sunnlenskan mat, matarhefðir og matarupplifanir. Auðlindin er ferskt íslenskt hráefni, framleitt og matreitt af fagmennsku. Þar má helst nefna ferskt grænmeti, kjöt og fisk en framleiðendur fullvinna eigið hráefni einnig í auknu mæli sjálfir. Reglulega koma fram nýir matvælaframleiðendur sem selja vörur sínar jafnvel beint af framleiðslustað. Ferðaþjónustan hefur ýtt undir mikla vörupróun og nýsköpun á Suðurlandi undanfarin ár. Sem dæmi má nefna nokkur brugghús, veitingastaði í gróðurhúsum, í hlöðum og öðrum rýmum þar sem framleiðslan á sér stað, og ís sem seldur er beint frá býli. Fjölbreytta flóru veitingastaða má finna um allt Suðurland þar sem unnið er eftir bestu getu með staðbundið hráefni, tækifæri liggja í að gera enn betur þar og nýta sérstöðu nærsvæðisins. Verkefnið Matarauður Suðurlands er vettvangur fyrir matvælaframleiðendur og ferðaþjónustuaðila sem vinna með matarupplifun að koma saman, mynda tengsl, miðla þekkingu og vinna með hugmyndir. Allt með það að markmiði að efla Suðurland sem mataráfangastað og koma sunnlenskum vörum betur á framfæri.

2.23. Virðiskeðja ferðapjónustunnar á Suðurlandi

Virðiskeðjan inniheldur alla þá þætti sem mynda virðið sem ferðapjónustan skapar til hagsældar fyrir landshlutann. Því stærri hluti virðiskeðjunnar sem verður til á svæðinu þeim mun meira virði og arðsemi skilur varan eða þjónustan eftir á svæðinu. Þannig er tiltölulega auðvelt að sjá hagræn áhrif ferðapjónustunnar á Suðurlandi.


Hvernig nýtist virðiskeðjan hagaðilum?

Virðiskeðja vöru, þjónustu eða svæðis er gott greiningartæki til að leggja mat á það hversu stór hluti keðjunnar verður til á svæðinu og hvað verður til fyrir utan það. Þannig má meta hvar tækifæri liggja og greina möguleg göt eða flöskuhálsa í virðiskeðjunni. Þá gefur virðiskeðjan heildaryfirlit yfir hvar virði verður til og hvaða einingar eru til staðar til að stuðla að auknu virði greinarinnar. Þá er einnig mikilvægt að nýta þá stoðþjónustu sem er til staðar líkt og sveitarfélög, SASSog Markaðsstofuna. Gott er að skoða virðiskeðjuna með öðrum greiningatólum og ná þannig fram skýrari mynd af stöðunni.



VIRÐISKEÐJA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR – SUÐURLAND

Því stærri hluti af virðis_keðjunni er framleiddur/unninn á svæðinu - Meira virði er skilið eftir á svæðinu fyrir samfélagið þar.



STARFSEMI SEM STYÐUR VIÐ FERÐAÞJÓNUSTU

SVEITARFÉLÖG	MARKAÐSSTOFA SUÐURLAND	MENNTUN	SAMSKIPTI	HEILBRIGÐI OG ÖRYGGI	SAMGÖNGUR	SAMTÖK OG OPINBERAR STOFNANIR
FERÐAMÁLAFULLTRÚAR	SAMRÆMT MARKAÐSSTARF	HÁSKÓLAFÉLÖG / ÞEKINGARSETUR	FRÉTTAMIÐLAR OG AÐRIR MIÐLAR	LÖGREGLAN, HSU, SLÖKKVILÐ OG BJÖRGUNARVEITIR	VEGAKERFI	FERÐAMÁLASAMTÖK, KLASAR OG ÖNNUR HAGSMUNASAMTÖK
SKIPULAG OG UPPBYGGING	ÁFANGASTAÐAAÆTLUN	FRÆÐSLUMIÐSTÖÐVAR	SÍMAFYRIRTÆKI	UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR / GESTASTOFUR	ALMENNINGSSAMGÖNGUR	SASS
UMHVERFISMÁL	TENGING VIÐ MISMUNANDI HAGSMUNADILA	FRAMHALDSSKÓLAR	LIÐSLEIÐARI	LÝÐHEILSA / HEILSUEFLANDI SAMFÉLÖG	FLUG- OG FERJUSAMGÖNGUR	ÞJÓÐGARÐAR, UMHVERFISSTOFNUN
UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR/ SKILT / MARKERINGAR	HAGSMUNAGÆSLA	AÐRIR RÁÐGJAFAR OG FRÆÐSLUADILAR	4G/5G	SAFETRAVEL, RAUÐI KROSSINN OG AÐRIR VIÐBRAGÐSADILAR	BENSÍN- OG HLEÐSLUSTÖÐVAR	MINJASTOFNUN, SKÓGRÆKTIN OG JARÐVANGUR

VIRÐI SEM VERÐUR TIL Á SVÆÐINU

3. Þróun áfangastaðarins Suðurlands

Margt hefur áunnist síðan fyrsta Áfangastaðaáætlun Suðurlands var gefin út árið 2018, á svæðis- og landsvísu. Áætlunin var t.a.m. höfð til hliðsjónar við gerð Samgönguáætlunar SASS sem og við undirbúning að Svæðisskipulagi Suðurlálands. Fjöldi áningar- og áfangastaða hafa verið byggðir upp og endurbættir (sjá m.a. í skýrslu UST (*Stjórnstöð ferðamála - Á döfinni - Ástandsmat ferðamannastaða, e.d.*) *Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða Skýrsla 2020*) og hefur fjármagn úr Framkvæmdasjóði Suðurlands, Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum skipt sköpum.



Verkefni sem hlutu styrk úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða árin 2018-2023



Verkefni á Landsáætlun 2020-2025

3.1. Öflugri áfangastaður

Vitaleiðin, Menningarhringurinn í Vík og Jöklaleiðin eru dæmi um nýjar ferðaleiðir sem hafa verið skipulagðar og markaðssettar á tímabilinu. Einnig hefur Markaðsstofa Suðurlands unnið verkferla og vinnulag um gerð ferðaleiða sem og leiðbeinandi handbækur um gerð göngu- og hjólaleiða. Ríkið hefur sett fram Leiðarljós íslenskrar ferðabjónustu til 2030. Búið er að útbúa Álagsvísa ferðabjónustunnar. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum hefur verið framfylgt og verkefnaáætlun uppfærð árlega. Þá er vert að nefna verkefnið Vörður – merkisstaðir Íslands sem fjallað er um í kaflanum Sjálfbærni og ferðabjónusta. Sveitarfélögin á Suðurlandi hafa ekki síst staðið að heilmikilli uppbyggingu á sínum svæðum sem og einstaka landeigendur.

Þrátt fyrir góðan árangur er mikilvægt að huga enn frekar að eflingu innviða, bæði vegna verndunar og orðspors áfangastaðarins. Of mikið álag getur myndast á náttúruna og því er nauðsynlegt að vera vakandi gagnvart álagi af völdum ferðamanna. Þá þarf að bregðast fljótt við þegar nýir staðir hljóta óvænta athygli, sérstaklega ef staðurinn er ekki í stakk búinn til að taka á móti fjölda gesta. Samræma þarf mælikvarða og viðbrögð til að stýra heimsóknum á nýuppöfvaða staði í samvinnu við Umhverfisstofnun, þjóðgarðana, jarðvanginn, sveitarfélögin og landeigendur eftir því sem við á.

3.2. Forgangsverkefni síðustu ára

Þau forgangsverkefni sem Markaðsstofa Suðurlands hefur unnið að út frá fyrstu útgáfu Áfangastaðaaætlunar Suðurlands snúa meðal annars að auknu samtali, að vera sá vettvangur sem býður upp á samstarf, mótun verkferla og handbóka við undirbúning og gerð nýrra göngu- og hjólaleiða. Einnig verið unnið að frekari samræmingu í ímynd og ásýnd markaðsefnis fyrir áfangastaðinn Suðurland, að nýta betur auðinn sem býr í matnum í matarkistunni Suðurlandi sem og matarupplifunum og að stýra vinnu við gerð nýrra ferðaleiða.

Jákvæð skilaboð

Neikvæð umræða um ferðamenn og ferðaþjónustuna var oft á tíðum hávær í fjölmiðla- og samfélagsumræðunni. Því var ein af áherslum fyrri áætlunar **að koma jákvæðum skilaboðum í texta, myndum og myndböndum til íbúa** og í umræðuna í fjölmiðlum. Verkefnið fólst í að skrifa greinar, gera myndbönd og draga fram jákvæðar staðreyndir og gögn til að birta á hinum ýmsu miðlum.

Vörumerkjahandbók

Til að byggja betur undir vörumerkið Suðurland og samræmda ímynd og ásýnd áfangastaðarins var útbúið handbók vörumerkis fyrir landshlutann. **Skapar það skýran ramma fyrir markaðsefni Suðurlands og styrkir vörumerkið og vitund til muna.** Þá eru tilgreindir einkennislitir fyrir Suðurland og hvert svæði, tákn og einkennisorð (orka, kraftur, hreinleiki) til notkunar við kynningar á landshlutanum í heild eða einstaka svæðum eftir því sem við á.

Mynda- og textabanki Suðurlands

Annað megin stef í fyrri áætlun var að byggja frekar undir samræmda ímynd og ásýnd áfangastaðarins. Liður í þeirri vinnu var verkefni sem fékk styrk sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands árið 2019. Verkefnið fólst í að útbúa sameiginlegan texta- og myndabanka á íslensku og ensku og gera aðgengilegan fyrir Markaðsstofuna, SASS og sveitarfélögin í landshlutanum. **Þar voru sameiginleg ásýnd og áherslur dregnar fram til þess að þessir aðilar gætu nýtt til kynningar, upplýsingagjafar og fleira.** Sérstakt mynda- og efnisumsjónarkerfi er nýtt til að halda utan og miðla efninu.

84,1% á Suðurlandi telur að ferðaþjónusta hafi skapað aukin atvinnutækifæri í þeirra heimabyggð

#suðurland #jákvæðskilaboð #ferðaþjónusta
#kunnugurstaðreyndum #kunnugurstaðháttum


Markaðsstofa
Suðurlands



Ferðaleiðir

Til að stuðla að fjölbreyttari ferðamöguleikum og þar með fleiri áfangastöðum innan svæðis, með það að markmiði að ferðamenn ferðuðust víðar um svæðið, var **unninn grunnur að nýjum ferðaleiðum á Suðurlandi**. Í því verkefni voru meðal annars unnar **leiðbeinandi handbækur með gátlistum um gerð göngu- og hjólaleiða** sem sveitarfélög, landeigendur, félagasamtök og aðrir geta nýtt sér þegar verið er að vinna að göngu- og/eða hjólaleiðum. Verkefnið hlaut m.a. styrk sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands.

Vitaleiðin

Til að draga betur fram fleiri segla á Suðurlandi **með það að markmiði að dreifa álagi** var einnig ný ferðaleið undirbúin og sett á laggirnar sem fékk heitið Vitaleiðin. Leiðin nær frá Selvogsvita í vestri að Knarrarósvita í austri og er tilvalin leið til að ganga, hjóla eða hlaupa. Leiðin nýtir strandlengjuna að mestu og þá slóða sem eru til staðar ásamt því að draga fram fallegu þorpin þrjú við sjávarsíðuna; Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri. Þá er möguleiki að aka leiðina og stoppa í þorpunum og við áhugaverða staði á leiðinni. Leiðin er tæplega 50 km löng og því tilvalin þriggja daga gönguleið þar sem hægt er að gista í þorpunum, skoða söfn og sögu svæðisins og njóta náttúruupplifunar. Verkefnið var unnið í nánú samstarfi við Sveitarfélögin Ölfus og Árborg.

Eldfjallaleiðin

Ný ferðaleið var þróuð í samstarfi við Markaðsstofu Reykjaness. Svæði ferðaleiðarinnar er frá Reykjanesbæ til Hafnar í Hornafirði og eins og nafnið gefur til kynna er þema leiðarinnar eldfjöll og eldvirkni. **Markmið verkefnisins er að hægja á ferðamönnum meðfram Suðurströnd Íslands og lengja dvöl þeirra**. Niðurstöður af vinnustofum um Eldfjallaleiðina sýndu að mikill áhugi er fyrir að laða að fróðleiksfusa ferðamenn og efla fræðslutengda ferðapjónustu. Gestastofur, söfn, sýningar og fræðandi upplifanir tengdar þema leiðarinnar verða því í forgrunni. Áhersla verður lögð á að draga fram fámennari áfangastaði sem eru tilbúnir að taka við auknum fjölda gesta, ásamt því að tengja gesti betur við menningu og mannlíf á svæðinu.



Matarauður Suðurlands

Í síðustu áætlun kom sterkt fram að mörg tækifæri væru til að vinna enn meira og betur með matinn á Suðurlandi og verður það áfram stór áherslupunktur í þessari uppfærslu. Markaðsstofa Suðurlands fékk styrk frá Matarauði Íslands í verkefni sem fólst í að vinna grunn að Matarauði Suðurlands. Í því verkefni voru veitingastaðir og matvælaframleiðendur kortlagðir, matarauður og matarhefðir Suðurlands sem og svæðanna þriggja voru tekin saman og birt á sérstakri undirsíðu landshlutavefsins www.south.is. Einnig voru haldnar fjórar vinnustofur þar sem aðilar tengdir mat, veitingaaðilar, framleiðendur, vinnsluaðilar og aðrir áhugamenn um mat mættu og hlýddu á erindi frá upplifunarhönnuði og veitingamönnum með reynslu af vöruþróun. Verkefnið lagði góðan grunn að áframhaldandi vinnu við að efla Suðurland sem áfangastað fyrir matarupplifun.

Upplifðu.is

Efling á kynningu á landshlutanum í kjölfar COVID-19 sem og þörf fyrir betri dreifingu gesta innan svæðis hrinti af stað nýju þróunarverkefni vorið 2020. Þá fóru markaðsstofur landshlutanna í stafrænt verkefni sem ber yfirskriftina Upplifðu og er sannkölluð stafræn bylting þegar kemur að skipulagningu ferðalaga um Ísland sem og upplýsingagátt um það sem í boði er. Með Upplifðu.is öðlast samstarfsaðilar Markaðsstofanna aðgang að myndbrotum fyrir eigin markaðssetningu, um leið og gestir áfangastaðarins geta fengið innblástur, skipulagt ferðalög og deilt upplifunum sínum með aðlaðandi myndefni frá öllum helstu áfangastöðum landsins. Allar sex markaðsstofur landshlutanna standa að verkefninu. Verkefnið var styrkt af Sóknaráætlun Suðurlands og sveitarfélögum.



4. Áskoranir og áherslur – Gap greining

Gap greining er einnig þekkt sem glufugreining á íslensku. Fyrst er gerð greining á stöðunni eins og hún er í dag. Þá er lögð fram óska-staða, eða það markmið sem stefnt er að. Að lokum er glufan á milli núverandi stöðu og óska-stöðu skoðuð. Þessi glufa, eða gap, er að lokum nýtt til að ákveða hvernig má ná fram settum markmiðum. Helstu áherslur sem komu fram hjá svæðunum við uppfærslu áfangastaðaaætlunar voru uppbygging eftir COVID, sjálfbær þróun í ferðaþjónustu, þverfaglegt samtal og samvinna, ábyrg ferðaþjónusta, öryggi og aðgengi, náttúruvernd, krafa um bætтар samgöngur og vegabætur, gæði og gæðamál, aðgangsstýring ferðamanna og dreifing, upplýsingagjöf, fræðsla og merkingar, fjárfesting og nýsköpun og bætt aðgengi að áreiðanlegum hagtölum og rannsóknum í ferðaþjónustu.



Uppbygging eftir COVID Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á Suðurland þar sem ferðaþjónusta er ein stærsta atvinnugreinin. Stór hluti ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurlandi eru lítil og meðalstór fjölskyldufyrirtæki og því var mikið undir. Mikil áskorun reyndist fyrir rekstraraðila að draga saman reksturinn án þess þó að loka fyrir þá gesti sem voru á svæðinu, bæði Íslendinga og erlenda gesti. Þegar rými gafst til að opna fyrirtækin aftur var erfitt fyrir mörg fyrirtæki að fullmanna allar stöður þar sem margir erlendir starfsmenn höfðu flutt úr landi og aðrir til annarra starfa. Eigendur og tiltækir starfsmenn upplifðu mikið álag og lítinn tíma fyrir hvíld á þeim tíma. Óvissa og takmarkanir höfðu mikil áhrif á samfélagið og tóku toll af fyrirtækjum.. Óvissan stóð í vegi fyrir að ferðaþjónustufyrirtæki færu í markvissa uppbyggingu eftir erfiða tíma. Aðgerðir ríkisins hjálpuðu mikið til og gerðu það að verkum að fyrirtæki gátu lifað áfram þegar óvissan var sem mest. Þrátt fyrir það hvíldu talsverðar áhyggjur á atvinnurekendum um framhaldið og uppbyggingu í kjölfar heimsfaraldurs.

GAP: Mikilvægt er að styðja vel við ferðaþjónustuna á uppbyggingartíma ekki síður en á óvissutímum. Sem dæmi má nefna að efla markaðssetningu enn frekar sem og þverfaglegt samstarf á svæðinu. Mikilvægt er að rísa öflug saman upp eftir heimsfaraldurinn, fyrirtæki, stoðkerfi og sveitarfélög. Hlutverk sveitarfélaga er að vera öflugur bakhjarl og tryggja grunninn sem ferðaþjónustan getur vaxið upp af. Stoðkerfið hafi frumkvæði að hvatningu og stuðningi. Það kann að vera í formi kynninga, funda, námskeiða og fleira. Fyrirtækin taki þátt í samstarfi og nýti þau tæki og tól sem til staðar eru til að eflast og vaxa í breyttu umhverfi.



Sjálfbær þróun Rík áhersla er lögð á mikilvægi sjálfbærrar þróunar í íslenskri ferðaþjónustu. Sjálfbær þróun snýst um að mæta þörfum nútímans án þess að skerða gæði komandi kynslóða. Auk þess snýst sjálfbær þróun um að auka efnahagsleg verðmæti um leið og gæðum náttúrunnar er viðhaldið og mannréttindi eflað fyrir alla jarðarbúa. Mikilvægt er að ferðaþjónustan, sem skapar efnahagsleg verðmæti, þróist á sama tíma í sátt við samfélag og náttúru, sem og að horft sé til framtíðar við þróun atvinnugreinarinnar. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að auka gæði ferðaþjónustunnar og efla rannsóknir hvað varðar þolmörk náttúru, samfélags og ferðamanna. Ferðamálastofnun Sameinuðu þjóðanna tileinkaði árinu 2017 sjálfbærri ferðaþjónustu og efnahagslegri þróun. Framtakinu var ætlað að styðja við breytingar í átt að aukinni sjálfbærni í ferðaþjónustu og þá sérstaklega varðandi stefnumótun stjórnvalda, starfshætti fyrirtækja og ábyrga ferðahegðun. Framtíðarsýn

ferðapjónustunnar á Suðurlandi sem sett er fram í þessari áætlun endurspeglar sjálfbæra þróun, sem og framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030 sem sett fram er í stefnuramma Ríkisins.

GAP: Auka þarf enn frekar við fræðslu um sjálfbæra þróun og opna betur á tækifæri fyrir ferðapjónustufyrirtæki til að þróa sig í átt að sjálfbærni. Hér er tækifæri fyrir ríki og sveitarfélög að styðja við sjálfbæra þróun í gegnum hagræna hvata til fyrirtækja sem taka upp vinnulag og verkefni sem leiða til aukinnar sjálfbærni. Hluti af sjálfbærri þróun snýst um virkt samtal og samvinna sé til staðar innan svæðis þannig að verkefni inni á svæðinu sýni rauðan þráð þar sem þekking og fyrri verkefni séu nýtt bæði til að lágmarka sóun og nýta fjármagn á sem bestan hátt. Því er mikilvægt að stofnanir og einingar innan landshlutans séu meðvitaðar um aðrar áætlanir og verkefni taki mið af þeim.



Samtal og samvinna Áfram er kallað eftir auknu samtali og samvinnu í greininni bæði innan greinar og við aðra hagsmunaaðila svo sem á milli stjórnvalda, íbúa og annarra atvinnugreina. Rætt var um skort á skilningi stjórnvalda á ferðapjónustunni og þörfum hennar, þá sérstaklega á landsbyggðinni. Einnig var rætt um mikilvægi þess að samráð væri haft við hagaðila á landsbyggðinni áður en ákvarðanir eru teknar sem hafa áhrif á starfsemi og búsetu á landsbyggðinni. Mikil ánægja kom fram með að vinna við Áfangastaðaaætlun færi fram inni á svæðunum. Samvinna og samtal hefur jákvæð áhrif og eru mikilvægir þættir þegar kemur að því að ferðapjónustan byggist upp í sátt við samfélagið.

GAP: Auka við reglubundin tækifæri þar sem ferðapjónustan, stjórnvöld, íbúar og aðrar atvinnugreinar hafa tök á að ræða og vinna betur saman. Halda þarf áfram að vinna að því að auka skilning stjórnvalda á ferðapjónustunni og þörfum hennar.



Ábyrg ferðapjónusta og ábyrg hegðun ferðamanna Ábyrg hegðun ferðamanna er ávallt mikilvæg og halda þarf áfram að hvetja ferðamenn til þess. *Icelandic Pledge*, verkefni sem Íslandsstofa setti á laggirnar sumarið 2017, er gott verkefni sem vert er að halda á lofti. Verkefnið snýr að ábyrgri ferðahegðun þar sem ferðamenn gefa loforð inn á vefnum *Visit Iceland* um að sýna ábyrgð í sinni hegðun á ferð um landið. Lofoð snýr að því að virða náttúruna og skilja við hana eins og komið var að henni, aka ekki utan vega, tjalda á skilgreindum tjaldsvæðum, leggja ekki hvar sem er heldur nýta þar til gerða áningarstaði, að koma sér ekki í hættulegar aðstæður við myndatöku, nýta salernisaðstöðu og vera vel útbúinn á ferðalagi um Ísland í öllum veðrum. (Íslandsstofa, á.á.) Ekki er nóg að ferðamenn sýni ábyrga ferðahegðun, ferðapjónustufyrirtæki innan sem utan svæðis þurfa einnig að huga að því hvernig ferðapjónustu þau reka. Ábyrg ferðapjónusta snýr að því að vinna á ábyrgan hátt að öllu leiti, það er gagnvart gestum, starfsfólki, náttúru og samfélagi. Árið 2017 fóru Íslenski ferðaklasinn og Festa í gang með hvatningarverkefnið *Ábyrg ferðapjónusta* þar sem um 300 ferðapjónustufyrirtæki skrifuðu undir yfirlýsingu um ábyrga ferðapjónustu og þátttöku í verkefninu. Verkefnið snýr að fjórum þáttum; náttúru, öryggi gesta, réttindum starfsfólks og jákvæðum áhrifum á nærsamfélagið. Fyrirtækin setja sér markmið tengd þessum þáttum og nýta sér fræðslu sem tengist þessum flokkum. (Íslenski ferðaklasinn, 2019) Í kjölfar COVID heimsfaraldursins hefur skapast aukin áhersla hjá ferðamönnum að hugað sé sérstaklega að öryggi og hreinlæti. Ferðamálastofa setti því á laggirnar verkefnið Hreint og öruggt árið 2020 til að bregðast við þeirri þörf. (Ferðamálastofa, 2023)

GAP: Mikilvægt er að halda verkefninu *Icelandic Pledge* vel á lofti og þannig fræða og hvetja ferðamenn, innlenda sem erlenda, til að ástunda ábyrga ferðahegðun. Þá er vert að hvetja ferðapjónustufyrirtæki til að huga að ábyrgri ferðapjónustu og nýta sér þau verkfæri sem eru til

staðar til að vinna að auknum gæðum og fagmennsku. Innleiða mætti víðar t.a.m. verkefni Ferðamálastofu, *Hreint og öruggt*, hjá fyrirtækjum og taka þátt í verkefninu *Ábyrg ferðapjónusta*.



Öryggi og aðgengi Huga þarf vel að öryggismálum á ferðamannastöðum og reyna þannig eftir fremsta megni að koma í veg fyrir slys á fólki. Þar sem náttúran hér á landi er margbreytileg og fer oft á tíðum sínar eigin leiðir þá er ekki hægt að koma að öllu leyti í veg fyrir slys. Grundvallarreglan er því sú að ferðamaðurinn ferðast um náttúru landsins á eigin ábyrgð, gæti að sinni ferðahegðun og ferðist á ábyrgan hátt gagnvart náttúru og samfélagi. Öryggi í umferðinni er einnig mikilvægur þáttur og nauðsynlegt að bregðast við breyttum forsendum í umferðamálum hér á landi í tengslum við aukinn fjölda ferðamanna. Auk þess þarf að taka tillit til mögulegra breytinga á samsetningu á vali fólks á samgöngumáta eftir Covid þar sem mögulega muni færri kjósa að ferðast í stórum hópum. Þar ber hæst mikilvægi þess að efla fræðslu til ferðamanna sem ferðast á eigin vegum um landið í bílaleigubílum og á húsbílum. Krafa er um að bílaleigur taki meiri ábyrgð og sjái um að fræða ferðamenn varðandi akstur og aðstæður áður en haldið er af stað.

GAP: Halda þarf áfram að gera öryggisúttektir á helstu ferðamannastöðum til að meta hvort og hvernig sé hægt að bæta öryggi þar sem við á. Á flestum friðlýstum svæðum er búið að gera öryggisáætlanir en huga þarf að öðrum stöðum sem ekki eru á forræði Umhverfisstofnunnar eða þjóðgarða. Möguleiki er að nýta það vinnulag sem til dæmis stjórnunar- og verndaráætlanir, jafnvægisás ferðamannastaða eða önnur verkfæri sem til eru og henta á hverjum stað. Huga þarf að öryggisþáttum á þjóðvegum eins og að fjölga tengivegum, útrýma einbreiðum brúm, breikka vegi og fjölga útskotum við veginn þar sem ferðamenn stoppa gjarnan og taka myndir. Góðar merkingar eru mikilvægur þáttur í að leiðbeina gestum þegar kemur að aðgengi og öryggi, sem dæmi með leiðbeiningum um svæðið, hvar má ganga, hversu langt er í næsta stopp/útsýnisstað eða salerni sem og viðeigandi fræðslu um svæðið, lífríkið eða söguna. Mælt er með að nýta þann grunn sem búið er að vinna líkt og *Vegrún – merkingar á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum*.



Náttúra og umhverfi Helsta ástæða þess að ferðamenn vilja heimsækja Ísland er náttúran og einstök náttúrufrýrbæri en samkvæmt könnun meðal erlendra ferðamanna sem Ferðamálastofa lét gera sumarið 2019 kemur fram að 91,3% ferðamanna koma til Íslands vegna náttúrunnar (*Ferðamálastofa*). Rík áhersla er á að náttúruvernd sé í forgrunni þegar kemur að ferðapjónustu. Einnig er þar rætt um aðgengi og er mikil áhersla lögð á að það sé skilgreint fyrir hvert svæði fyrir sig og að aðgengi að náttúrunni sé aldrei á kostnað hennar heldur sé hugað að bæði sjálfbærni og upplifun.

GAP: Skilgreina markvissar hvernig aðgengi hvers svæðis/ferðamannastaðar fyrir sig á að vera sérstaklega með tilliti til náttúru og minjaverndar. Enn er mikilvægt að vinna að verndun náttúrunnar og huga að sjálfbærni. Þegar unnið er að uppbyggingu áfangastaða er ávallt hugað að því að lágmarka rask á náttúrunni til framtíðar og sem dæmi er hægt að hanna og byggja upp stíga, palla, tröppur og önnur mannvirki á þann hátt að notuð séu efni sem falla sem best að landslaginu eða að hægt sé að fjarlægja mannvirki síðar án þess að skilja mikil ummerki eftir á svæðinu.



Áhrif ferðapjónustu á samfélög Áhrif ferðapjónustu á samfélög eru margvísleg bæði jákvæð og neikvæð. Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðapjónustu þegar framboð af þjónustu eykst og þjónustustig hækkar á svæðinu samhliða fjölgun gesta. Þar má nefna bættu þjónustu í formi lengri opnunartíma, aukna afþreyingarmöguleika og fleiri veitingastaði og kaffihús. Neikvæð áhrif geta birst þegar ferðapjónustan og ferðamenn ganga of nærri samfélagi og menningu. Sem dæmi þegar aðgengi að íbúðahúsnæði er af skörum skammti vegna þess að húsnæði á svæðinu er nýtt fyrir ferðamenn eða þegar þjónusta er hugsuð út frá þörfum ferðamanna í stað þarfa íbúa. Markaðsstofan hefur unnið markvisst að því að draga fram jákvæð áhrif ferðapjónustunnar á Suðurlandi með greinaskrifum, myndböndum, myndum, samantekt á tölum og gögnum og almennt kynningu á ferðapjónustufyrirtækjum. Einnig var eitt af áhersluverkefnum SASS á tímabilinu rannsókn um félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðapjónustu sem unnin var af Rannsóknasetri HÍ á Hornafirði.

GAP: Halda þarf áfram að efla ímynd ferðapjónustunnar, með því til dæmis að draga fram jákvæð áhrif öflugrar atvinnugreinar eins og ferðapjónustunnar á samfélagið með áherslu á þau svæði sem þar sem ferðapjónustan kann að reyna á samfélagsleg þolmörk. Horfa þarf til lengri tíma og skipuleggja með tilliti til mögulegrar fjölgunar íbúa á svæðinu vegna fjölgunar starfa. Samfélögin þurfa að taka vel á móti þeim sem flytjast á svæðið og skapa tækifæri fyrir þá sem koma frá ólíkum menningarheimi til að kynnst staðbundinni menningu og að samfélagið fái einnig að þróast með nýjum íbúum. Halda þarf áfram að draga fram jákvæð áhrif ferðapjónustunnar á samfélögin og byggð á svæðinu.



Stýring og dreifing ferðamanna Mikilvægt er að landshlutarnir og mismunandi svæði innan þeirra vinni saman til þess að fá ferðamenn til að stoppa lengur og ferðast víðar. Það er gert meðal annars með fleiri seglum, aukinni afþreyingu og skipulögðum ferðaleiðum. Mörg verkefni eru í gangi sem tengjast Landsáætlun um uppbyggingu innviða. Mikilvægt er að vinna eftir þeim stefnum og áætlunum sem settar hafa verið fram til þess að koma í veg fyrir ágang við náttúruperlur og menningarsögulegar minjar. Verkefnið *Varða – Merkisstaðir Íslands* fór af stað árið 2021 og snýr að heilstæðri nálgun áfangastaðastjórnunar þannig að fjölsóttir áfangastaðir séu til þess búnir að geta tekið á móti ferðamönnum þar sem upplifun gesta er hámarkuð með virðingu fyrir náttúru, umhverfi og samfélagi. Vakta þarf markvisst hvar þörf er á uppbyggingu eða viðhaldi, hvaða staði þarf að hvíla og hvar eru nýir ferðamannastaðir. Þá er nauðsynlegt að taka upp stýringu á viðkvæmum sem og fjölsóttum svæðum til þess að takast á við aukinn fjölda ferðamanna. Mörg verkefni hafa verið unnin á tímabilinu til að bæta aðstöðu, skipulag á ferðamannastöðum og auka við landvörslu. Umhverfisstofnun og þjóðgarðarnir hafa unnið mikið verk í uppbyggingu á þeim stöðum sem þær stofnanir hafa yfir að ráða og margir staðir á áætlun um uppbyggingu. Einnig hefur eignarhaldið á stórum stöðum líkt og Jökulsárlóni og Geysi færst yfir til ríkisins sem gefur möguleika á að vinna markvisst að heildrænni uppbyggingu á þeim stöðum en þessir staðir ásamt Þingvöllum og Gullfossi eru fyrstu staðirnir sem vinna að því að uppfylla viðmið þess að verða *Varða – Merkisstaður Íslands*. Sveitarfélög, félög og landeigendur hafa einnig byggt upp og viðhaldið fjölmörgum stöðum og leiðum, og unnið að nýjum göngu- og hjólaleiðum svo dæmi séu tekin. Ein ný ferðaleið hefur verið dregin fram, Vitaleiðin, til að vinna að því að laða ferðamenn að svæðum sem ekki hafa verið mikið sótt.

GAP: Halda þarf áfram að setja upp virka stýringu á fleiri ferðamannastöðum, hvort sem það verði með betra skipulagi á staðnum (t.d. á stígum, gönguleiðum og bættum merkingum), meiri dreifingu gesta yfir daginn, lokunum/takmörkunum vegna ágangs eða með breyttu

aðgengi, til dæmis með því að færa bílastæði fjær náttúruperlunni/áfangastaðnum. Vinna þarf áfram að uppbyggingu ferðamannastaða og ferðaleiða. Landsáætlun um uppbyggingu innviða, nýtt verkefni Vörður og skipulagsáætlanir á friðlýstum svæðum miða að því að byggja upp innviði og stýra aðgangi til framtíðar.



Gæði og gæðamál Mikil áhersla er á gæðamál í ferðapjónustu á Suðurlandi. Mikilvægt er að auka gæði með því að nýta þau verkfæri og gæðakerfi sem til eru eins og t.d. Vakann. Vakinn er samræmt gæðakerfi ferðapjónustunnar á Íslandi þar sem markmiðið er að efla gæði, öryggi, aðbúnað starfsfólks og umhverfisvitund í ferðapjónustu með handleiðslu og stuðningi, auk þess að byggja upp samfélagslega ábyrgð meðal ferðapjónustufyrirtækja. Þó svo að Vakinn sé íslenskt gæðakerfi þá er það byggt á fyrirmynd gæðakerfis á Nýja Sjálandi, Qualmark. Með Vakanum er búið að staðfæra kerfið og aðlaga að umhverfi Íslands, einnig er hótellhluti Vakans unninn samkvæmt stöðlum evrópska Hotelstars kerfisins. (Ferðamálastofa, á.á.) Vakinn veitir þátttakendum leiðsögn og leggur til margvísleg hjálpargögn og gátlista sem fyrirtæki geta nýtt til þess að bæta starfshætti og rekstur. Hluti af gæðamálum ferðapjónustunnar er ábyrg ferðapjónusta þar sem hugað er að ábyrgð gagnvart starfsfólki, samfélagi, náttúru og öryggi. Samfélagsleg ábyrgð snýr að því að fyrirtæki leggi sitt af mörkum til samfélagsins, að það sé jafnvægi á milli fyrirtækisins og samfélagsins meðal annars með því að skapa sameiginlegt virði fyrir fyrirtækið og samfélagið. Festa hefur útbúið greiningartól þar sem fyrirtæki geta gert huglægt mat á einstaka þáttum og séð hvernig þau standa gagnvart samfélagslegri ábyrgð. (Festa, 2023)

GAP: Kynna þarf reglulega og hvetja ferðapjónustuaðila að taka upp og halda á lofti sameiginlegu gæðakerfi ferðapjónustunnar, Vakanum, og fleiri verkefnum líkt og Ábyrg ferðapjónusta og Hreint og öruggt.



Upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla Fræðsla og upplýsingagjöf í ferðapjónustu er grunnur að gæðum og jákvæðri upplifun ferðamanna. Mikilvægt er að efla bæði þjálfun og menntun í ferðapjónustu auk þess að efla fræðslu og vinna að bættri upplýsingagjöf til ferðamanna. Huga þarf sérstaklega að merkingum en gæta þarf að samræmi, tungumálum og almennt betri leiðbeiningum. Auka þarf við og bæta upplýsingaefni og leggja þarf áherslu á jákvæð formerki í upplýsingagjöf svo sem að hafa upplýsingaskilti frekar en bannskilti. Þörf er á auknum skilningi og jákvæðari umræðu gagnvart greininni og mikilvægi hennar fyrir samfélögin og þjóðarbúið. Hætt er við að neikvæð umræða valdi því að gestir upplifi minni gestrisni, ánægja þeirra minnki og meðmælaskor ferðamanna um Suðurland og Ísland lækki. Allt eru þetta nauðsynlegir þættir í velgengni Íslands og Suðurlands sem áfangastaður erlendra sem innlendra ferðamanna. Þess vegna er mikilvægt að bregðast við neikvæðri orðræðu með því að skoða hvað greinin geti gert betur gagnvart samfélaginu auk þess að auka fræðslu og upplýsingar til íbúa, stjórnvalda og fjölmiðla um mikilvægi ferðapjónustu í efnahagslegu og samfélagslegu tilliti.

GAP: Samræma merkingar og leiðbeiningar á upplýsingaskiltum og nýta til þess Vegrúnu, handbók um merkingar á www.godarleidir.is. Vinna að auknum skilningi íbúa, stjórnvalda og fjölmiðla á eðli greinarinnar sem og að styðja við þjálfun, fræðslu og menntun í ferðapjónustunni.



Samgöngur Rík krafa er um að halda áfram að bæta samgöngur, enda mikilvægur þáttur í strjálbýlu landi, bæði þegar kemur að viðhaldi og þjónustu. Með aukinni komu ferðamanna til landsins á undanförunum árum og breyttri ferðahegðun, þar sem fleiri kjósa að ferðast á bílaleigubílum en í skipulögðum rútuferðum, hefur álagið á vegakerfið og umferðarþunginn aukist gríðarlega. Góðar samgöngur eru grundvöllur fyrir því að ferðaþjónusta og samfélagið í heild geti starfað. Á tímabilinu hefur margt verið unnið til hins betra í samgöngukerfinu. Allir þeir þættir er snúa að samgöngumálum í fyrri áfangastaðaáætlun voru teknir til skoðunar við gerð Samgönguáætlunar SASS. Vegurinn hefur verið breikkaður á milli Hveragerðis og Selfoss og ný brú yfir Ölfusá er á áætlun. Búið er að fækka einbreiðum brúm á tímabilinu, sér í lagi á hringveginum. Siglingaleið Herjólfss er ekki skilgreind sem hluti af þjóðvegi 1 en hins vegar hefur Vestmannaeyjabær tekið yfir reksturinn á ferjunni. Þá hefur uppbygging vegna aukinnar innleiðingar rafbíla stórauðist frá því fyrri áætlun var gefin út.

GAP: Áfram er þörf fyrir að viðhalda og tryggja góðar og öruggar samgöngur á landi, sjó og í lofti. Viðhald vega, flugvalla og hafna þarf að vera reglulegt þannig að hætta skapist ekki. Áfram þarf að vinna að því að útrýma einbreiðum brúm. Huga þarf að merkingum og leiðbeiningum þannig að þau sinni sínu leiðbeinandi hlutverki. Huga þarf að orkuskiptunum og breyttum samgönguháttum en mikil aukning hefur verið í rafbílum í umferðinni auk hjólandi umferðar, hvort sem eru reiðhjól eða rafhlaupahjól. Fjölmargar hleðslustöðvar eru víðsvegar um Suðurlandið en bæta þarf þar í svo að gott sé að ferðast um landshlutann á rafbíl. Almenningsamgöngur þurfa að vera til staðar á þann hátt að þær nýtist íbúum sem og gestum.



Fjárfesting og nýsköpun Síðustu ár hefur fjölbreytt nýsköpun og vöruþróun átt sér stað hjá ferðaþjónustufyrirtækjum á Suðurlandi en þetta er verkefni sem sífellt þarf að styðja við og hvetja til. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa umsjón með Uppbyggingasjóði Suðurlands sem veitir verkefnastyrki á sviði nýsköpunar, menningar og atvinnuþróunar á Suðurlandi, ásamt sérstökum Áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands. Sóknaráætlunin fyrir 2020-2024 leggur áherslu á málaflokkana samfélag, atvinnuþróun- og nýsköpun og umhverfismál og skulu verkefnin ná til alls Suðurlands eða ákveðinna svæða á Suðurlandi. Gott dæmi um áhersluverkefni var Sóknarfæri ferðaþjónustunnar sem var sett upp sérstaklega sem viðbragð við COVID-19. Þar skapaði stoðkerfið innan landshlutans umgjörðina og var hluti verkefnisins samkeppnissjóður sem ferðaþjónustufyrirtæki gátu sótt í. Mikil ásókn var í sjóðinn og voru tæplega 100 fyrirtæki sem fengu úthlutað styrk, handleiðslu ráðgjafa og aðgengi að sértækri fræðslu og sérfræðiþjónustu. Niðurstöður könnunar sem send var út til þátttakenda benda til þess að árangur verkefnisins hafi verið góður. Þátttakendur voru ánægðir með verkefnið og stuðninginn sem það gaf þeim á erfiðum tímum.

GAP: Til þess að fyrirtæki geti unnið að nýsköpun og vöruþróun er mikilvægt að fjárfestingamöguleikar séu til staðar og að styrkjaumhverfið sé aðgengilegt innan landshlutans. Sóknaráætlun, Uppbyggingasjóður, áhersluverkefni og ráðgjöf eru mikilvægir þættir innan hvers landshluta. Þó svo að fjöldi ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurlandi sé mikill er enn rými fyrir fleiri. Á sumum svæðum vantar gistingu og öðrum svæðum er rými fyrir fleiri og fjölbreyttari veitingastaði og afþreyingu. Það eru því mörg tækifæri fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og nýsköpunarfyrirtæki í tengslum við ferðaþjónustu á Suðurlandi að vinna að aukinni vöruþróun og nýsköpun á svæðinu.



Rannsóknir og hagtölur Greinagóðar rannsóknir og hagtölur er grundvöllur fyrir góðar ákvörðunartökur jafnt í ferðaþjónustu sem og annars staðar. Halda þarf áfram að efla rannsóknir í ferðaþjónustu og byggja stefnumótun og ákvarðanatöku á traustum upplýsingum. Viðhalda þarf þolmarkarannsóknnum bæði í tengslum við náttúru og samfélag. Auka þarf rannsóknir á ferðahegðun svo og markaðsrannsóknir, sérstaklega niður á svæði. Hagtölur eru mjög mikilvægar fyrir greinina til þess að gefa rétta mynd af stöðu hennar og framtíðarhorfum.

GAP: Þó svo að mikið hafi verið unnið í að bæta gögn og hagtölur í tengslum við ferðaþjónustuna með Mælaborði ferðaþjónustunnar sem dæmi er mikilvægt að bæta um betur og halda áfram að samræma og greina gögn ekki síst betur niður á svæði. Auka þarf við fjármagn og leggja meiri áherslu á reglubundnar rannsóknir á ferðahegðun, markaðsrannsóknir og þolmarkarannsóknir niður á landshluta og svæði og meta hagræn áhrif ferðaþjónustu. Mikilvægi reglubundinna rannsókna snýr helst af því að hægt sé að bera saman sambærileg gögn til að geta betur lagt mat á þróun greinarinnar og ákveðinna staða/svæða. Huga þarf að gæðum rannsókna, gæta að vinnulag standi undir kröfum til að vera marktæk rannsókn sem dæmi. Taka þarf sérstakt tillit til samræmingar og bæta möguleika á að keyra saman tölur og gögn frá mismunandi aðilum líkt og Ferðamálastofu, Ríkisskattstjóra, sýslumönnum og Heilbrigðiseftirliti svo að dæmi séu nefnd. Einnig þarf að vekja athygli á rannsóknargögnum og verkfærakistum sem til eru og hvetja hagaðila til þess að nýta þau gögn og verkfæri þar sem við á.



Starfsfólk í ferðaþjónustu Góður aðbúnaður, fræðsla og þjálfun starfsfólks eykur líkur á ánægðu starfsfólki sem svo leiðir til minni starfsmannaveltu og aukinnar ánægju gesta. Mikil starfsmannavelta og þar með þjálfun nýrra starfsmanna er kostnaðarsöm og getur tekið mikinn tíma og orku frá stjórnendum í stað þess að vera með fast starfsfólk til lengri tíma og vinna fremur að því að auka gæði, bæta ferla og ánægju starfsfólks. Oft er stórt hlutfall starfsmanna hjá ferðaþjónustufyrirtækjum erlent starfsfólk sem jafnvel hefur lítið stuðningsnet hér á landi fyrir utan vinnuveitandann og aðila tengda vinnustaðnum. Vinnuveitendur þurfa oft að veita starfsfólki húsnæði til styttri eða lengri tíma og leiðbeina starfsfólki sem ekki er með íslensku að móðurmáli um þeirra réttindi og skyldur. Ímynd og ásýnd fyrirtækja á öllum sviðum reksturs er öllum fyrirtækjum mikilvægt, þar með talið í starfsmannahaldi.

GAP: Það er samstarfsverkefni fyrirtækja og sveitarfélaga að taka vel á móti fólki og leggja grunninn. Hlúa þarf vel að starfsfólki. Það þarf að tryggja að húsnæði, aðstaða, upplýsingamiðlun, fræðsla og þjálfun sé til staðar á svæðinu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Einnig að hægt sé að sækja sér viðeigandi þekkingu/menntun á svæðinu.

5. SVÓT greining ferðapjónustunnar á Suðurlandi

Að taka stöðuna með SVÓT greiningu gefur góða innsýn yfir þarfir, tækifæri og áskoranir sem eru til staðar hverju sinni. SVÓT stendur fyrir styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri. Innri áhrifaþættir eru skoðaðir sem styrkleikar og veikleikar, á meðan ytri áhrifaþættir eru ógnanir og tækifæri. SVÓT greiningin fór fram á opnum rafrænum fundi í nóvember 2020. Þar var notast við forritið menti.com til að ná fram sýn þátttakenda á fundinum á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum ferðapjónustunnar á Suðurlandi. Í rauntíma teiknaðist upp orðaský með svörum þátttakenda sem er notað til að túlka stöðuna á ferðapjónustunni, hvað þarf að vinna með, hvað er gott og þarf að viðhalda, hvað þarf að huga að og ekki síst hvaða tækifæri liggja í loftinu.

Styrkleikar

Veikleikar

Ógnanir

Tækifæri

5.1. Styrkleikar Suðurlands



Styrkleikar Suðurlands að mati þátttakenda á opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaaætlunar Suðurlands, nóv 2020.

Suðurland sem áfangastaður á sér fjölmarga styrkleika þar sem náttúrufegurð og fjöldi þekktra náttúrperla er hvað mest áberandi. Einnig er aðgengi gott að náttúruperlum Suðurlands og fjölbreytileiki þeirra mikill og speglast það vel við aðgreiningu Suðurlands sem dregin var fram í markaðsgreiningu landshlutans árið 2016. (Markaðsstofa Suðurlands, 2016) Á Suðurlandi er mikil og fjölbreytt afþreying í boði en auk þess er löng hefð fyrir og mikil reynsla í móttöku gesta innan landshlutans. Þá eru þjónustuaðilar innan svæðis reynslumiklir í samstarfi ýmiskonar og býr greinin yfir mikilli þekkingu á landshlutanum og sögu hans. Hugað er að gæðum og fagmennsku og flest fyrirtæki eru með starfsemi allt árið þar sem árstíðarsveifla hefur verið tiltölulega lítil. Á Suðurlandi eru tveir þjóðgarðar og einn jarðvangur. Hér er aðeins hluti af styrkleikum talinn upp og sjá má helstu styrkleika Suðurlands í orðaskýinu. Mikilvægt er að huga að þessum styrkleikum svo mögulegt sé að viðhalda þeim og skapa umgjörð þar sem styrkleikarnir geta notið sín.

5.2. Veikleikar Suðurlands



Veikleikar Suðurlands að mati þátttakenda á opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaáætlunar Suðurlands, nóv 2020.

Að velta upp veikleikum Suðurlands gefur tækifæri til að efla landshlutann. Helstu veikleikar snúa að samgöngum og vegakerfi, þar koma einbreiðar brýr oft fram sem veikleiki sem og að almenningssamgöngur séu ekki nægilega góðar. Ójöfn dreifing ferðamanna um svæðið, mikill fjöldi ferðamanna og fjarlægðir, t.a.m. innan svæðis og frá Keflavíkurflugvelli og Höfuðborginni er dregið fram sem veikleikar landshlutans í heild sinni. Náttúruperlur Suðurlands eru sterkar sem aðdráttarafl en um leið getur náttúran ógnað öryggi ferðamanna á margvíslegan hátt. Náttúran er einnig viðkvæm fyrir átroðningi. Því þarf að vinna áfram að markvissri uppbyggingu sem miðar að náttúruvernd og auknu öryggi ferðamanna. Annar veikleiki sem kemur fram í þessari greiningu er skortur á skilningi og stuðningi frá sveitarfélögum og þunglamaleg stjórnsýsla Suðurlandi. Hvað varðar atvinnugreinina sjálfa má nefna tungumálaörðuleika, skort á vinnuafl og skort á fræðslu og upplýsingamiðlun. Upptalningin er ekki tæmandi og misjafnt hvaða meiningu þátttakendur setja í orðin sem koma fram í orðaskýinu. Greiningin gefur samt sem áður ágæta yfirsýn yfir þá veikleika sem landshlutinn glímir við.

5.3. Ógnanir Suðurlands



Ógnanir á Suðurlandi að mati þátttakenda á opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaaætlunar Suðurlands, nóv 2020.

Ógnanir eru oft þess eðlis að ekki er hægt að stýra því hvort að þær raungerist. Þar eru meðal annars náttúruhamfarir eins og eldgos, jarðskjálftar, skriðuföll og heimsfaraldar líkt og heimsbyggðin tókst á við á árunum 2020 og 2021. Svo eru það efnahagslegir þættir líkt og gengi gjaldmiðla en þar skipa stjórnvöld og efnahagsstjórn á landsvísu stóran sess. Lengri tíma ógnanir líkt og loftslagsbreytingar kalla á að allir leggist á árarnar til að sporna við þeim, þ.e. íbúar, gestir, stjórnvöld og atvinnurekendur. Sumir þátttakenda nefndu áhyggjur af of mikilli samþjöppun ferðaþjónustufyrirtækja og að mörg fyrirtæki á svæðinu verði að miklu leiti í eigu erlendra fjárfesta. Aðrir óttuðust að ferðavilji og ferðageta eftir COVID myndi ógna landshlutanum þar sem ferðaþjónusta er stærsta atvinnugrein landshlutans. (*Ferðaþjónustan á Suðurlandi í tölum og myndum*, e.d.). Hér er ekki tæmandi upptalning og má sjá fleiri svör á meðfylgjandi orðaskýi yfir ógnanir ferðaþjónustunnar á Suðurlandi.

5.4. Tækifæri Suðurlands



Tækifæri Suðurlands að mati þátttakenda á opnum fundi um uppfærslu Áfangastaðaaætlunar Suðurlands, nóv 2020

Það er gaman að sjá hversu mörg tækifæri þátttakendur listuðu upp fyrir Suðurland. Þar kemur maturinn sterkt fram, menning, saga, náttúra, samvinna og „local love“. Einnig það að dreifa og lengja dvöl ferðamanna á svæðinu, svokölluð hæglætisferðapjónusta (e. *slow travel*). Upplifun kemur sterkt inn ásamt gæðum, fjölbreyttari afþreyingu og menningararfi. Þátttakendur sjá mikil tækifæri í að bæta samgöngur, þá sérstaklega almennings samgöngur, göngu- og hjóla leiðir og í því samhengi fleiri ferðaleiðir. Tækifæri eru í að auka við ýmsa sértæka ferðapjónustu líkt og heilsutengda ferðapjónustu, ferðapjónustu þar sem jarðfræðin er áherslupunktur (geotourism), matartengd ferðapjónusta, söguferðapjónusta svo að dæmi séu tekin. Þegar orðaskýið yfir tækifærin á Suðurlandi er skoðað skín jákvæðni og bjartsýni í gegn hjá Sunnlendingum.

6. Framtíðarsýn ferðapjónustunnar á Suðurlandi

Framtíðarsýn ferðapjónustunnar á Suðurlandi er unnin á sameiginlegum grunni með aðkomu helstu hagaðila svæðisins og greinarinnar. Sýnin endurspeglar raunhæfar væntingar sem gerðar eru til áfangastaðarins og hvetur til forgangsriðunar uppbyggingar og verkefna sem færa áfangastaðinn nær settu marki.

Framtíðarsýn ferðapjónustunnar á Suðurlandi

Ferðapjónusta á Suðurlandi er sjálfbær þar sem lögð er áhersla á heildræna þróun í sátt við náttúru og samfélag. Ferðapjónustan er öflug atvinnugrein og samvinna ríkir á milli mismunandi hagsmunaaðila þar sem hugað er að gæðum, upplifun, upplýsingagjöf, fræðslu og ánægju gesta.

Verndun náttúru og menningarsögulegra minja er í forgrunni þegar kemur að ferðapjónustu þar sem hugað er að skýru og tryggu aðgengi að helstu náttúruperlum.

Regluverk í ferðapjónustu er skýrt og leiðir til jákvæðrar upplifunar heimamanna og gesta.

Vegakerfið og samgöngur, á sjó, landi og í lofti, eru öruggar og hugsaðar heildrænt þar sem áningarstaðir eru vel úthugaðir, merktir með viðeigandi þjónustu og upplýsingagjöf.

Möguleikar til menntunar í ferðapjónustu eru staðbundnir og fjölbreyttir.

Grunnþjónusta er góð á svæðinu og íbúar eru jákvæðir í garð ferðamanna og ferðapjónustunnar.

7. Markmið áfangastaðaaætlunar Suðurlands

Meginmarkmið Áfangastaðaaætlunar Suðurlands eru yfirgripsmikil og endurspegla framtíðarsýn ferðapjónustunnar á Suðurlandi. Hvert markmið er hér sett fram sem stutt staðhæfing. Markmiðinu er náð þegar staðhæfingin er orðin að veruleika. Sumum markmiðanna má ná með beinum aðgerðum en önnur eru hluti af stöðugu samtali stjórnvalda, ferðapjónustu, samfélags og talsmanna náttúrunnar.

Samfélag

- Samgöngukerfið er öruggt.
- Grunnþjónusta er öflug.
- Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðapjónustu.

Ferðapjónusta

- Stefna í takt við ferðapjónustu, samfélag og náttúru þar sem uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu.
- Regluverk í ferðapjónustu er skýrt og eftirlit er virkt.
- Virkt samtal og samvinna er innan svæðisins og góður skilningur stjórnvalda á ferðapjónustu.
- Áhersla er lögð á gæði í ferðapjónustu á Suðurlandi þar sem góð upplýsingagjöf og fræðsla er í fyrirrúmi með það að markmiði að tryggja jákvæða upplifun og ánægju gesta.

Náttúra, menning og menningarminjar

- Ferðapjónustan á Suðurlandi vinnur ávallt í sátt við náttúruna og styður við menningu og minjavernd.

Meginmarkmiðin og framtíðarsýnin endurspegla sjálfbærni í ferðapjónustu, sem er þá jafnvægi á milli samfélags, ferðapjónustunnar og náttúru og styðja þau við 14 af 17 Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



Samfélag - Samgöngukerfið er öruggt.

Sameiginlegir hagsmunir samfélags og ferðapjónustu liggja m.a. í öflugum og öruggum samgöngukerfi og er um margt grundvöllur fyrir að þessir hagsmunaaðilar vinni sem best saman. Þar er mikilvægt að vegakerfið, almenningssamgöngur, þjónusta og viðhald sé gott. Margt hefur verið gert til að bæta vegakerfið í landshlutanum síðustu ár, þar á meðal hefur einbreiðum brúm á þjóðvegi 1 fækkað, nýr Herjólfur hefur verið tekinn í notkun, breikkun Suðurlandsvegar á milli Hveragerðis og Selfoss er langt komin og undirbúningur fyrir nýja Ölfusárbrú svo að dæmi séu tekin. Auk þess hafa fjölmargir vegbútar verið byggðir upp og endurbættir, t.d. víða í Uppsveitum, í Ölfusi og á hringveginum. Þá voru allar aðgerðir tengdar samgöngum sem settar voru fram í síðustu áfangastaðaaætlun teknar til greina inn í samgönguáætlun SASS 2019-2029. Mikilvægt er að haldið sé áfram með markvissum hætti að betrumbæta vegakerfið með raunverulegan fjölda notenda í huga, ekki síst þegar kemur að viðhaldi og þjónustu. Mikilvægt er að samræma og bæta almenningssamgöngukerfið til og frá sem og innan landshlutans og huga um leið að tengingum við landið allt. Þá þarf að undirbúa innviði fyrir að taka stór skref í átt að orkuskiptum í samgöngum.

Árangursmælikvarði: Fjöldi umferðarslysa á Suðurlandi er innan þolmarka.

Vöktun: Fjöldi umferðarslysa á vegum Suðurlands (samgöngustofa) og Meðalslysatiðni á Suðurlandi og Reykjanesi (Jafnvægisás ferðamála).

Samfélag - Grunnþjónusta er öflug.

Öflug grunnþjónusta er lykilforsenda þróunar svæða og mjög mikilvægur þáttur fyrir íbúa og til að laða að nýja íbúa og fyrirtæki. Með komu fjölda gesta inn á svæði, sem í raun eru tímabundnir íbúar þess, eykst álag á þá grunnþjónustu sem gestir þurfa mögulega að nýta sér. Þar má nefna sem dæmi heilbrigðiskerfið, löggæslu sem og aðgang að orku og vatni. Til að halda úti fjölbreyttu atvinnulífi, óháð staðsetningu, þurfa fjarskipti að vera í lagi með öflugum símasambandi og háhraða nettengingu.

Árangursmælikvarði: Viðhorf íbúa til grunnþjónustu á Suðurlandi eru jákvæð. Staða stoðþjónustu er innan þolmarka

Vöktun: Viðhorf íbúa til grunnþjónustu (Íbúakönnun landshlutanna) og Staða stoðþjónustu (Jafnvægisás ferðamála, væntanlegt).

Samfélag - Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðapjónustu.

Öflug atvinnugrein líkt og ferðapjónusta hefur jákvæð áhrif á samfélagið og getur stuðlað að jákvæðri byggðapróun þar sem hún nær að blómstra. Ferðapjónustan skapar störf, virði og tækifæri fyrir íbúa og eflir þannig samfélagið allt, samanber tölulega skýrslu SASS yfir ferðapjónustuna á Suðurlandi (*Ferðapjónustan á Suðurlandi í tölum og myndum*, e.d.). Sterkt samfélag er líklegra til að laða til sín nýja íbúa inn á svæðið sem aftur styrkir það enn frekar. Ferðapjónustan skapar því betri grundvöll fyrir fjölbreytta afþreyingu, verslun, veitingastaði sem og aðra innviði sem íbúar geta notið og auka þannig lífsgæði á svæðinu.

Árangursmælikvarði: Viðhorf íbúa til áhrifa af ferðapjónustu eru undir þolmörkum.

Vöktun: Viðhorf íbúa til ferðapjónustu (Jafnvægisás ferðamála).

Ferðapjónusta - Stefna í takt við ferðapjónustu, samfélag og náttúru þar sem uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu.

Halda þarf áfram að samræma alla stefnumótun í uppbyggingu innviða og vinna skipulagsmál í takt við samfélag, náttúru og ferðapjónustu. Þessi vinna taki áfram tillit til áætlana á borð við Vegvísi í ferðapjónustu, Landsáætlun, Áfangastaðaaætlun og Sóknaráætlun Suðurlands. Miða þarf uppbyggingu svæða/sveitarfélaga bæði að íbúum og ferðamönnum í sátt við umhverfi og samfélag þar sem áætlanir eru gerðar til lengri tíma. Mikilvægt er að sveitarfélög nýti það tækifæri sem Áfangastaðaaætlun Suðurlands færir þeim með því að hafa áætlunina til hliðsjónar við stefnumörkun einstakra svæða. Ef huga á að einhverskonar gjaldtöku fyrir aðgang að einstaka stöðum er mikilvægt að stjórnvöld vinni það samræmt og miðlægt og að tryggð sé sanngjörn skipting tekna á milli svæða/sveitarfélaga sem endurspeglar þörf fyrir uppbyggingu innviða.

Árangursmælikvarði: Helstu áætlanir taka tillit til ferðapjónustu, samfélags og náttúru, í takt við Framtíðarsýn ferðapjónustunnar á Suðurlandi.

Vöktun: Greina glufur, ósamræmi, hagsmunaárekstra og ágreiningsmál í opinberum stefnum á borð við: Landsáætlun, Sóknaráætlun Suðurlands, Vegvísi í ferðapjónustu, Atvinnustefnur sveitarfélaga og aðrar mikilvægar áætlanir á hverju tímabili.

Ferðapjónusta – Regluverk í ferðapjónustu er skýrt og eftirlit er virkt.

Við vinnu á fyrri áætlun kom sterkt fram mikilvægi þess að regluverkið sé skýrt, hvað má og hvað má ekki og ekki síst að reglur á milli svæða verði samræmdar. Í tengslum við það var rætt um mikilvægi þess að reglur og leiðbeiningar séu settar skýrt fram, bæði myndrænt og á helstu tungumálum. Sérstaklega er talið mikilvægt að gera reglur um tjöldun, gistingu, utanvegaakstur og almennar umgengisvenjur skýrari. Ekki er nægilegt að regluverkið sé skýrt heldur þarf eftirlitið einnig að vera virkt. Því þarf að efla allt eftirlit sem fyrir er og huga að því að eftirlitsaðilar hafi það vægi sem þeim ber svo að ferðamenn og aðrir taki mark á þeim. Einnig þarf eftirlit með uppbyggingu, framkvæmdum og rekstraraðilum að vera öflugt.

Árangursmælikvarðar: Ónæði í daglegu lífi heimamanna af ferðamönnum er innan þolmarka og staða löggæslu og eftirlits er innan þolmarka.

Vöktun: Viðhorf íbúa til ferðapjónustu (Jafnvægisás ferðamála), Staða löggæslu á Suðurlandi (Jafnvægisás ferðamála).

Ferðapjónusta - Virkt samtal og samvinna er innan svæðisins og góður skilningur stjórnvalda á ferðapjónustu.

Með reglulegri uppfærslu hagaðilagreiningar áfangastaðaaætlunar má vakta þróun mála er varða samtal og samvinnu innan svæðisins. Viðhalda þarf því virka samtali og samvinnu sem er til staðar innan svæðisins. Einnig er mikilvægt að koma á auknu samtali og samvinnu þar sem upp á vantar. Mikilvægt er að stjórnvöld hugi að því að ákvarðanir séu teknar í góðri samvinnu við landsbyggðina/svæðin þar sem það á við. Forsendur eru oft á tíðum breytilegar milli landsvæða og jafnvel innan sama landsvæðis. Mikilvægt er að stjórnvöldum sé ljóst eðli atvinnugreinarinnar og vægi sem einum af grunnatvinnuvegum landsins og að ákvarðanir taki mið af því.

Árangursmælikvarði: Samvinna og samtal um ferðamál á Suðurlandi eykst.

Vöktun: Hagaðilagreining áfangastaðaaætlunar Suðurlands.

Ferðapjónusta - Áhersla er lögð á gæði í ferðapjónustu á Suðurlandi þar sem góð upplýsingagjöf og fræðsla er í fyrirrúmi með það að markmiði að tryggja jákvæða upplifun og ánægju gesta.

Viðhalda þarf og bæta enn frekar við þau gæði og fagmennsku sem til staðar eru innan ferðapjónustunnar á svæðinu. Mikilvægt er að fyrirtæki nýti sér þau verkfæri sem til staðar eru til að byggja undir og styðja við gæði í sinni starfsemi, sem dæmi Vörður, Vakann, Ábyrga ferðapjónusta, Hæfnisetur ferðapjónustunnar, fræðslumiðstöðvar og umhverfisvottanir. Efla þarf þjálfun, menntun og fræðslu í ferðapjónustu, bæði í formi styttri námskeiða og heildstæðs náms sem miðar allt að því að tryggja einstaka og ánægjulega upplifun gesta. Huga þarf fræðslu þannig að þeir sem vinna í ferðapjónustu geti sótt sér auka menntun eða fræðslu í nærumhverfi. Einnig er mikilvægt að kynna ferðapjónustuna og tækifærin þar fyrir ungu fólki sem enn er í námi. Samræmd og öflug upplýsingagjöf til ferðamanna innan svæðis er mikilvæg fyrir landshlutann og ferðapjónustuna, til fólks í framlínu og heimamanna. Huga þarf að því að merkingar og skilti séu vel hönnuð, upplýsandi og vel staðsett.

Árangursmælikvarði: Ánægja gesta með heimsókn á Suðurland mælist yfir 4,7 á 5 stiga kvarða. Meðmælaskor Suðurlands er yfir 80%.

Vöktun: Ánægja með dvöl á Suðurlandi og Meðmælaskor (Ferðamálastofa)

Náttúra, menning og menningarminjar - Ferðapjónustan á Suðurlandi vinnur ávallt í sátt við náttúruna og styður við menningu og minjavernd.


Náttúran er megin auðlindin fyrir ferðapjónustu í landshlutanum enda koma flestir gestir til landsins til að skoða okkar stórfenglegu náttúru. Menning og menningarminjar eru einnig mikilvæg auðlind þar sem margir vilja upplifa menningu svæðisins. Mikilvægt er að allir sem starfa við ferðapjónustu og fara með umsjón eða skipulag áfangastaða hugi vel að náttúruvernd svo ekki verði gengið með óafturkræfum hætti á auðlindina. Það þarf að huga að eflingu landvörslu, stýringu á umferðarflæði, fræðslu, upplýsingagjöf í umgengni við náttúruna og forvörnum fyrir þeim hættum sem eru til staðar. Einnig er mikilvægt að viðeigandi innviðir líkt og salerni, sorplosun og bílastæði séu til staðar. Ekki er nægilegt að hafa regluverk skýrt heldur einnig að eftirlit á ferðamannastöðum og við náttúruperlur sé virkt, með sýnilega landvörslu og löggæslu þar sem við á.

Árangursmælikvarði: Öll uppbygging innviða við náttúruperlur og menningarminjar ber hag náttúru og minjaverndar að leiðarljósi.

Vöktun: a) Uppbygging innviða á Suðurlandi kortlögð (Markaðsstofa Suðurlands), b) Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða (Umhverfisstofnun), c) Talningar á ferðamannastöðum (Ferðamálastofa), d) Álagsmat umhverfis, innviða og samfélags gagnvart fjölda ferðamanna á Íslandi (Ferðamálastofa), e) ástand innviða (Jafnvægisás ferðamála).

8. Áherslur og forgangsverkefni Áfangastaðáætlunar Suðurlands

Í þessum kafla er fjallað um þær aðgerðir sem Markaðsstofa Suðurlands getur unnið að, í þeim tilgangi að færa landshlutann nær markmiðum sínum í ferðamálum. Aðgerðirnar tengjast helstu áherslum sem komu fram við vinnslu áfangastaðáætlunarinnar. Helstu áherslur eru:



8.1. Áherslur Áfangastaðaáætlunar Suðurlands

Innviðir og þróun

- Vinna að áherslum, verkefnum og eftirfylgni Áfangastaðaáætlunar; Sjálfbær þróun, samtal og samvinna, ábyrgð ferðaþjónusta, öryggi og aðgengi, náttúruvernd, áhrif ferðaþjónustu á samfélög, stýring og dreifing ferðamanna, gæði og gæðamál, upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla, fjárfesting og nýsköpun, rannsóknir og hagtölur og samgöngumál.
- Kynning og innleiðing á Áfangastaðaáætlun Suðurlands:
 - Áætlunin send í formlega samþykkt hjá sveitarfélögum.
 - Áætlunin send til umsagna til stöðeininga sem tengjast ferðaþjónustunni á Suðurlandi
 - Útgáfa uppfærðrar áætlunar
 - Áætlunin kynnt fyrir sveitarfélögum, ferðaþjónustuaðilum, öðrum stöðeiningum á svæðinu sem og íbúum.
 - Samtal og samstarf við sveitarfélög, ferðaþjónustuaðila og landeigendur.

Tengist áherslu: Samtal og samvinna | Sjálfbær þróun

Tengist meginmarkmiði: Virkt samtal og samvinna er innan svæðisins og góður skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu.

Tengist áherslu Sóknaráætlun Suðurlands: Við viljum að ferðaþjónusta á Suðurlandi byggist á sjálfbæru samfélagi

Tengist framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030: Mátast við framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu í heild sinni.

Framkvæmdaraðili: Markaðsstofa Suðurlands

Stuðningsaðili: Sveitarfélög og aðrar stöðeiningar á svæðinu

Háð fjármagni: Samningur við Ferðamálastofu

Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna:



Fræðsla og þjálfun

- Mótun verkferla eftir samtal og samstarf hagaðila þar sem greina þarf stöðu, þörf og áherslur í fræðslu og þjálfun í ferðaþjónustu á árinu.
- Móta ferla og miðla þeirri fræðslu sem í boði er með áherslu á að draga fram staðbundna fræðsluaðila og auðvelda aðgengi greinarinnar að upplýsingum um það sem er í boði.
- Þátttaka í þróunarverkefnum tengdum fræðslu.

Tengist áherslu: Gæði og fagmennska

Tengist meginmarkmiði: Áhersla er lögð á gæði í ferðaþjónustu á Suðurlandi þar sem góð upplýsingagjöf og fræðsla er í fyrirrúmi.

Tengist áherslu Sónarætlun Suðurlands: Við viljum að ferðaþjónusta á Suðurlandi byggist á sjálfbæru samfélagi

Tengist framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030: Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðaþjónustu

Framkvæmdaraðili: Markaðsstofa Suðurlands

Stuðningsaðili: Fræðslunet Suðurlands, Háskólafélag Suðurlands, Hæfnissetur ferðaþjónustunnar

Háð fjármagni: Samningur við Ferðamálastofu

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:



Greiningar

- Mótun verkferla og ramma um svæðisbundnar rannsóknir með samtali og samstarfi við viðeigandi hagaðila. Vinna þarfagreiningu rannsókna og mælinga fyrir landshlutann, þrískiptingu Suðurlands sem og á landsvísu.
- Taka reglulega saman opinberar hagtölur og annað efni sem gagnast greiningum og verkefnum Markaðsstofunnar og miðla til hagaðila.

Tengist áherslu: Rannsóknir og hagtölur

Tengist meginmarkmiði: Virkt samtal og samvinna er innan svæðisins og góður skilningur stjórnvalda á ferðaþjónustu. | Stefna í takt við ferðaþjónustu, samfélag og náttúru þar sem uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu.

Tengist áherslu Sóknaráætlun Suðurlands: Við viljum að ferðaþjónusta á Suðurlandi byggist á sjálfbæru samfélagi

Tengist framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030: Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt. - Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðaþjónustu.

Framkvæmdaraðili: Markaðsstofa Suðurlands

Stuðningsaðili: SASS, Ráðgjafahópur SASS, Faghópur sveitarfélag um ferðamál, Ferðamálastofa, Íslandsstofa og RMF, svæðisbundnir rannsækendur.

Háð fjármagni: Samningur við Ferðamálastofu

Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna:



Endurskoðun og samvinna við nærsamfélagið

- Samtal, samstarf og ráðgjöf til sveitarfélaga, einnig tengt verkefnum MSS.
- Þátttaka, yfirferð og umsögn í ferðapjónustutengdum verkefnum sveitarfélaga, s.s. þróunarverkefna, ferðamálakafla aðalskipulaga og annara áætlana, sé þess óskað.
- Samtal, samstarf og ráðgjöf við aðrar staðbundnar stofnanir s.s. Vatnajökulspjóðgarð, Þjóðgarðinn á Þingvöllum, Kötlu jarðvang, Umhverfisstofnun, SASS og fleira. Einnig aðkoma að ferðapjónustutengdum áætlunum og verkefnum þeirra, sé þess óskað.
- Samtal við ferðapjónustufyrirtæki, íbúa og aðra hagaðila, bæði óformlega og á formlegum fundum í tengslum við verkefni MSS, m.a. með því að halda á lofti jákvæðum skilaboðum, greinaskrifum og samtali við íbúa Suðurlands um ferðapjónustuna.

Tengist áherslu: Samtal og samvinna | Sjálfbær þróun | Áhrif ferðapjónustu á samfélög | Stýring og dreifing ferðamanna | Öryggi og aðgengi

Tengist meginmarkmiði: Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðapjónustu | Stefna í takt við ferðapjónustu, samfélag og náttúru þar sem uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu | Virkt samtal og samvinna er innan svæðisins og góður skilningur stjórnvald á ferðapjónustu.

Tengist áherslu Sóknaráætlun Suðurlands: Við viljum að ferðapjónusta á Suðurlandi byggist á sjálfbæru samfélagi

Tengist framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030: Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði. | Áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða og að ferðamenn ferðist um landið allt, árið um kring. | Allir landshlutar njóti ávinnings af ferðapjónustu. | Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta. | Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbyggingu innviða taki mið af því | Virðing fyrir þolmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna.

Framkvæmdaraðili: Markaðsstofa Suðurlands

Stuðningsaðili: Sveitarfélög á Suðurlandi, SASS, Vatnajökulspjóðgarður, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Katla jarðvangur, Umhverfisstofnun og aðrar staðbundnar stofnanir er málin varða.

Háð fjármagni: Samningur við Ferðamálstofu

Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna:



8.2. Forgangsverkefni Áfangastaðaaætlunar Suðurlands árið 2023:

Matarauður Suðurlands – Vöruþróun og upplýsingamiðlun

Halda áfram að hagnýta fyrri fasa verkefnisins fyrir aðila innan svæðis m.a. með því að tengja hagaðila betur saman og auka samtalið um mat, matarferðapjónustu, vöruþróun og hvaða sögu við viljum segja. Fara í frekari efnissköpun og miðlun matarupplifunar á Suðurlandi og efla Suðurland sem mataráfangastað.

Tengist áherslu Áfangastaðaaætlunar: Sjálfbær þróun | Samtal og samvinna | Upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla | Fjárfesting og nýsköpun | Uppbygging eftir COVID.

Tengist meginmarkmiði Áfangastaðaaætlunar: Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðapjónustu | Stefna í takt við ferðapjónustu, samfélag og náttúru þar sem uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu. | Virkt samtal og samvinna er innan svæðisins og góður skilningur stjórnvalda á ferðapjónustu. | Áhersla er lögð á gæði í ferðapjónustu á Suðurlandi þar sem góð upplýsingagjöf og fræðsla er í fyrirrúmi með það að markmiði að tryggja jákvæða upplifun og ánægju gesta. | Ferðapjónustan á Suðurlandi vinnur ávallt í sátt við náttúruna og styður við menningu og minjavernd.

Tengist áherslu Sóknaráætlun Suðurlands: Við viljum að ferðapjónusta á Suðurlandi byggist á sjálfbærri samfélagi | Við viljum auka nýsköpun og veltu í matvælaframleiðslu á Suðurlandi. | Við viljum bæta samkeppnishæfni fyrirtækja á Suðurlandi | Við viljum efla menningartengda ferðapjónustu á Suðurlandi.

Tengist framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030: Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt. | Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði. | Upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar. | Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta. | Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðapjónustu. | Minnkandi kolefnaspor og forystuhlutverk í orkuskiptum og nýtingu vistvænna orkugjafa. | Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbyggingu innviða taki mið af því.

Framkvæmdaraðili: Markaðsstofa Suðurlands.

Stuðningsaðili: Veitingastaðir, matvælaframleiðendur og vinnslur.

Háð fjármagni: Samningur við Ferðamálastofu.

Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna:



Núverandi ferðaleiðir – Vöruþróun, efnissköpun og upplýsingamiðlun

Styðja áfram við rótgrónar ferðaleiðir eins og Gullna hringinn, Suðurströndina, Vitaleiðina og Laugavegin. Vinna nánari ferðalýsingar og þetta efni sem tengist Vitaleiðinni auk þess að hvetja til meiri tenginga ferðapjónustuaðila við leiðina. Kynna helstu leiðir fyrir elrendum mörkuðum (B2B/B2C), efla verkfærakistu auk þess að vinna með frásagnir, merkingar og uppbyggingu á þessum leiðum.

Tengist áherslu Áfangastaðaaætlunar: Sjálfbær þróun | Samtal og samvinna | Ábyrg ferðapjónusta | Öryggi og aðgengi | Náttúruvernd | Stýring og dreifing ferðamanna | Upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla | Samgöngur | Fjárfesting og nýsköpun | Uppbygging eftir COVID

Tengist meginmarkmiði Áfangastaðaaætlunar: Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðapjónustu | Stefna í takt við ferðapjónustu, samfélag og náttúru þar sem uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu. | Virkt samtal og samvinna er innan svæðisins og góður skilningur stjórnvalda á ferðapjónustu. | Áhersla er lögð á gæði í ferðapjónustu á Suðurlandi þar sem góð upplýsingagjöf og fræðsla er í fyrirrúmi. | Ferðapjónustan á Suðurlandi vinnur ávallt í sátt við náttúruna og styður við menningu og minjavernd.

Tengist áherslu Sóknaráætlun Suðurlands: Við viljum að ferðapjónusta á Suðurlandi byggist á sjálfbæru samfélagi

Tengist framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030: Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt. | Ábyrg ferðapjónusta sem nýtir tækni, nýsköpun og vöruþróun. | Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði. | Áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða og að ferðamenn ferðist um landið allt, árið um kring. | Upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar. | Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta. | Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðapjónustu. | Minnkandi kolefnaspor og forystuhlutverk í orkuskiptum og nýtingu vistvænna orkugjafa. | Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbyggingu innviða taki mið af því. | Virðing fyrir þolmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna.

Framkvæmdaraðili: Markaðsstofa Suðurlands.

Stuðningsaðili: Sveitarfélög og ferðapjónustuaðilar.

Háð fjármagni: Samningur við Ferðamálastofu.

Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna:



Nýjar ferðaleiðir – Eldfjallaleiðin

Með Eldfjallaleiðinni er eldvirknin dregin fram sem eitt af megin einkennum Suðurlands og Reykjaness, frá Reykjanesbæ austur til Hafnar í Hornafirði. Unnið verður með Lífsglaða heimsborgarann sem lykil markhóp og stuðlað að hugarfarsbreytingu í takt við Slow travel og Regenerative tourism. Verkefnið byggir á virku samstarfi á milli sveitarfélaga á Suðurlandi og Reykjanesi, tveggja UNESCO jarðvanga, þjóðgarðanna, Ríki Vatnajökuls og rekstraraðila tengdum ferðapjónustu á leiðinni. Markaðsstofan leiðir þá vinnu og byggir á reynslu, þekkingu og verklagi sem varð til þegar unnið var að Vitaleiðinni.

Tengist áherslu: Sjálfbær þróun | Samtal og samvinna | Ábyrg ferðapjónusta | Öryggi og aðgengi | Náttúruvernd | Stýring og dreifing ferðamanna | Upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla | Samgöngur | Fjárfesting og nýsköpun | Uppbygging eftir COVID

Tengist meginmarkmiði: Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðapjónustu | Stefna í takt við ferðapjónustu, samfélag og náttúru þar sem uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu. | Virkt samtal og samvinna er innan svæðisins og góður skilningur stjórnvalda á ferðapjónustu. | Áhersla er lögð á gæði í ferðapjónustu á Suðurlandi þar sem góð upplýsingagjöf og fræðsla er í fyrirrúmi. | Ferðapjónustan á Suðurlandi vinnur ávallt í sátt við náttúruna og styður við menningu og minjavernd.

Tengist áherslu Sóknaráætlun Suðurlands: Við viljum að ferðapjónusta á Suðurlandi byggist á sjálfbæru samfélagi. | Við viljum efla menningartengda ferðapjónustu á Suðurlandi.

Tengist Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030: Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt. | Ábyrg ferðapjónusta sem nýtir tækni, nýsköpun og vöruþróun. | Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði. | Áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða og að ferðamenn ferðist um landið allt, árið um kring. | Upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar. | Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta. | Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðapjónustu. | Minnkandi kolefnaspor og forystuhlutverk í orkuskiptum og nýtingu vistvænna orkugjafa. | Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbyggingu innviða taki mið af því. | Virðing fyrir þölmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna.

Framkvæmdaraðili: Markaðsstofa Suðurlands.

Stuðningsaðili: Sveitarfélög og ferðapjónustuaðilar.

Háð fjármagni: Já.

Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna:



Þematengd ferðapjónusta – Vöruþróun og upplýsingamiðlun

Síðustu misseri hefur orðið aukin áhersla á búa til vörur í ferðapjónustu sem höfða til áhugasviðs gesta frekar en að horfa í lýðfræðilega þætti eins og aldur, kyn, búsetu og tekjur. Unnið verður með fjölbreytt þemu á Suðurlandi og þau sett fram á skýran og samræmdan hátt á vefsíðu Markaðsstofunnar, south.is. Árið 2022 voru gerðar þemasíður á south.is um UNESCO staði, fossa Suðurlands og fuglaskoðun. Dæmi um þemu sem hægt er að setja fram á sambærilegan hátt eru hálendi, gönguleiðir, saga og menning og kvikmyndastaðir svo eitthvað sé nefnt. Þá yrði lagt upp úr því að hafa þemasíðurnar áþekkar þeim sem þegar hafa verið gerðar, með framsetningu á korti, ferðaupplýsingum og fróðleik.

Tengist áherslu Áfangastaðaaætlunar: Sjálfbær þróun | Ábyrg ferðapjónusta | Öryggi og aðgengi | Náttúruvernd | Stýring og dreifing ferðamanna | Upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla | Fjárfesting og nýsköpun | Uppbygging eftir COVID

Tengist meginmarkmiði Áfangastaðaaætlunar: Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðapjónustu | Stefna í takt við ferðapjónustu, samfélag og náttúru þar sem uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu. | Virkt samtal og samvinna er innan svæðisins og góður skilningur stjórnvalda á ferðapjónustu. | Áhersla er lögð á gæði í ferðapjónustu á Suðurlandi þar sem góð upplýsingagjöf og fræðsla er í fyrirrúmi með það að markmiði að tryggja jákvæða upplifun og ánægju gesta. | Ferðapjónustan á Suðurlandi vinnur ávallt í sátt við náttúruna og styður við menningu og minjavernd.

Tengist áherslu Sóknaráætlun Suðurlands: Við viljum að ferðapjónusta á Suðurlandi byggist á sjálfbæru samfélagi | Við viljum að ferðapjónusta á Suðurlandi byggist á sjálfbæru samfélagi.

Tengist framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030: Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt. | Ábyrg ferðapjónusta sem nýtir tækni, nýsköpun og vöruþróun. | Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði. | Áhersla á stjórnun og uppbyggingu áfangastaða og að ferðamenn ferðist um landið allt, árið um kring. | Upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar. | Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta. | Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðapjónustu. | Jafnvægi milli hagnýtingar og verndar náttúru og uppbyggingu innviða taki mið af því. | Virðing fyrir þolmörkum og álagsstýring á áfangastöðum ferðamanna.

Framkvæmdaraðili: Markaðsstofa Suðurlands.

Stuðningsaðili: Faghópur sveitarfélaganna, aðkeypt þjónusta.

Háð fjármagni: Samningur við Ferðamálastofu

Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna:



Efnissköpun fyrir áfangastaðinn Suðurland – Vöruþróun og upplýsingamiðlun

Suðurland á mikið undir ferðapjónustunni svo mikilvæg áhersla er öflug kynning á landshlutanum fyrir innlenda og erlenda gesti, fjölmiðla og ferðasala. Vefsíða, samfélagsmiðlar, efnissköpun og samskipti skipta þar lykilmáli. Draga fram og halda á lofti orðspori áfangastaðarins, vinna í að viðhalda háu ánægjuskori ferðamanna sem heimsækja Suðurland og mæta hugsanlegum áhyggjum um of mikinn fjölda ferðamanna. Einnig er miðlun og fræðsla til ferðapjónustuaðila um mikilvægi m.a. vöruþróunar og aðgreiningar í markaðssetningu mikilvæg þar sem þessir þættir skipta miklu máli.

Tengist áherslu Áfangastaðaaætlunar: Uppbygging eftir COVID | Áhrif ferðapjónustu á samfélög | Sjálfbær þróun

Tengist meginmarkmiði Áfangastaðaaætlunar: Stefna í takt við ferðapjónustu, samfélag og náttúru þar sem uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu.

Tengist áherslu Sóknaráætlun Suðurlands: Við viljum að ferðapjónusta á Suðurlandi byggist á sjálfbæru samfélagi

Tengist framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030: Aukin framleiðni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni um land allt. | Ábyrg ferðapjónusta sem nýtir tækni, nýsköpun og vöruþróun. | Jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði. | Upplifun gesta sé betri eða í samræmi við væntingar. | Náttúra, menning og afþreying stuðla að einstakri upplifun gesta. | Fagmennska, gæði og öryggi einkenna íslenska ferðapjónustu.

Framkvæmdaraðili: Markaðsstofa Suðurlands.

Stuðningsaðili: Sveitarfélög, aðildarfélög og aðrir hagaðilar.

Háð fjármagni: Samningur við Ferðamálastofu.

Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna:



9. Markaðsgreining og markhópar

Mikilvægt er að Suðurland aðgreini sig frá öðrum landshlutum og að stjórnendur í ferðaþjónustu á Suðurlandi sameinist og hlúi vel að þeirri sérstöðu sem aðgreining þess byggir á. Sérstaðan er grunnurinn að mótun markaðsstefnu og þar með markaðsskilaboðum svæðisins, sem flutt verða markhópunum. Í Markaðsgreiningu Suðurlands, sem unnin var fyrir Markaðsstofu Suðurlands árið 2016, var sett fram **markaðsleg aðgreining áfangastaðarins Suðurlands** frá öðrum landshlutum sem var byggð á eftirfarandi þáttum:

- a) Þroskuðum og reyndum fyrirtækjum
- b) Fjölbreyttri náttúru og sterkum náttúraseglum
- c) Góðum samgöngum og nálægð við höfuðborgarsvæðið og Keflavíkurflugvöll

Markaðsskilaboð svæðisins þurfa að endurspeglar þessa þætti og þeir hafðir að leiðarljósi í staðfærslu Suðurlands. Staðfærsla svæðisins miðlar sérstöðu landshlutans og endurspeglar þau hugrenningatengsl sem hagsmunaaðilar vilja að myndist þegar ferðamenn hugsa um Suðurland sem áfangastað. Suðurland heillar langflesta erlenda gesti sem heimsækja Ísland og endurspeglar staðfærslan þá staðreynd sem og áður nefnd aðgreining:

“Suðurland býr yfir fjölbreyttri og stórfenglegri náttúru með mikið aðdráttarafl sem auðvelt er að nálgast og upplifa. Fjölbreytileiki og gæði þjónustu gerir gestum kleift að njóta þess besta sem Ísland hefur upp á að bjóða allt árið um kring.”

Í staðfærslunni er að finna þessa helstu þætti sem aðgreina Suðurland, þ.e. fjölbreytta og öfluga náttúrasegla, fjölbreytilega þjónustu og afþreyingu og gott aðgengi að svæðinu árið um kring. Staðfærslan er fyrst og fremst leiðarljós í markaðssetningu svæðisins og myndar grunninn að loforði fyrir markaðssvæðið og undirstrikar það sem áfangastaðurinn Suðurland skuldbindur sig sameiginlega til að standa við gagnvart ferðamönnum.



9.1. Erlendir ferðamenn - markhópar

Tækifæri felast í því að auka gæði og efla samtal og samvinnu innan og á milli svæða til þess að efla enn frekar ferðapjónustu á Suðurlandi. Íslandsstofa hefur rannsakað markhópa fyrir íslenska ferðapjónustu og valið út frá þeim rannsóknum tvo vænlega markhópa til að sækja á erlenda lykilmarkaði. Vegna landfræðilegrar staðsetningar Suðurlands, nálægt höfuðborginni og Keflavíkurflugvelli, og þeirrar staðreyndar að flestir ferðamenn sem koma til Íslands heimsækja Suðurland þá var ákveðið að stíla inn á þessa sömu markhópa;

Lífsglaði heimsborgarinn

Félagslyndir ferðamenn sem vilja upplifa ekta menningu og náttúru. Sjálfsörug og sækja í spennandi afþreyingu en þó án óþarfa áhættu. Líkleg til að ferðast með fjölskyldu eða maka.

Sjálfstæði Landkönnuðurinn


Vanir ferðamenn sem ferðast sjálfstætt, oftast með maka, og sækja í afslappaða ferðadagskrá. Leggja upp úr því að upplifa eitthvað nýtt á ferðum sínum og gefa sér tíma til að læra um sögu og menningu áfangastaðarins.

Þessir markhópar eiga það sameiginlegt að vera umhugað um umhverfismál og sækja í náttúru og menningu. (Íslandsstofa, 2022) Þessi gildi eiga vel við framtíðarsýn ferðapjónustunnar á Suðurlandi. Nánari upplýsingar um markhópana er að finna í nýjustu markhópagreiningu Íslandsstofu.

9.2. Markhópurinn Íslendingar

Auk erlendu markhópanna eru Íslendingar einnig verðmætur markhópur fyrir sunnlenska ferðapjónustu líkt og fram kom í markaðsgreiningu áfangastaðarins 2016. Mikilvægi íslenska markhópsins kom einnig sterklega fram á árinu 2020 þegar heimsfaraldurinn gerði það að verkum að ekki var eins auðvelt að ferðast á milli landa. Sumarið 2020 ferðuðust Íslendingar mun meira innanlands en fyrri ár og aukning í gistinóttum Íslendinga á Suðurlandi var umtalsverð, en á tímabilinu jukust gistinætur þeirra á hótélum í júlí mánuði um 423% á milli áranna 2019 og 2020. (Hagstofa Íslands, 2023)

Gistinætur Íslendinga á hótélum á Suðurlandi



Gistinætur Íslendinga á hótélum á Suðurlandi. (Hagstofa Íslands, 2023)

Íslenskir ferðamenn – markhópar

Markaðsstofa Suðurlands fór á vormánuðum 2020 í að greina markhópin Íslendingar nánar með það að markmiði að draga betur fram þær vörur sem mismunandi markhópar landshlutans hefðu áhuga á. Valdir voru sérstaklega þrír megin markhópar Íslendinga: Fjölskyldur, þeir sem hafa áhuga á hreyfingu og vellíðan og svo þeir sem vilja njóta og slappa af. Til að draga betur fram vöruframboð sem höfðaði til hvers markhóps fyrir sig voru í kjölfarið undirbúnar landingarsíður á vefnum south.is í samvinnu við faghóp sveitarfélaganna um ferðamál. Í markaðsherferð landshlutans fyrir innanlandsmarkað var því lögð áhersla á þrjár megin vörur, fjölskylduferðir, sæluferðir og ævintýraferðir sem nýta má allt árið um kring. Skilaboð markaðsaðgerða voru því miðuð að þessum þremur hópum sérstaklega í bland við almenn skilaboð til að vekja athygli á áfangastaðnum Suðurlandi.



Fjölskylduferðir gefa fjölskyldum af öllum stærðum og gerðum hugmyndir að þeim fjölbreyttu möguleikum sem Suðurland hefur upp á að bjóða fyrir fjölskylduna á ferðalagi, hvort sem er gistimöguleikar, veitingastaðir, áhugaverðir staðir eða afþreying.



Með ævintýraferðum eru dregnir fram fjölbreyttir möguleikar á afþreyingu, áhugaverðum stöðum, gistingu og veitingum fyrir þá sem vilja hreyfingu í bland við vellíðan í virkri og ævintýrlegri upplifun, þar sem afþreyingin er í forgrunni.



Sæluferðir eru hugmyndir að ferðum þá sem vilja njóta og slappa af í þægilegu og þjónustumiðuðu umhverfi, hvort sem það eru einstaklingar, pör eða hópar.

10. Vörumerki áfangastaðarins Suðurlands

Í vörumerkjahandbók fyrir áfangastaðinn Suðurland er dregin fram samræmd umgjörð og ásýnd vörumerkisins Suðurland (e. *brand*). Þar er sett fram merki Suðurlands sem er Visit South Iceland á ensku og Upplifðu Suðurland á íslensku ásamt leiðbeiningum um notkun þess. Vörumerkjahandbókin tekur einnig á aðgreiningu Suðurlands, táknum og litapallettu. Grænn litur er aðal litur landshlutans, en að auki á hvert svæði sín einkenni svo sem sinn lit, tákn og markaðsheiti; Gullna hrings svæðið er appelsínugult með kjörorðið orka, Katla jarðvangur & Vestmannaeyjar með sæbláan lit með og einkennisorðið kraftur og Ríki Vatnajökuls ljósbláan lit með einkennisorðinu hreinleiki. Bæði litir og einkennisorð gefa þannig tóninn og ákveðin skilaboð um sérstöðu hvers svæðis innan landshlutans. Þá tekur vörumerkjahandbókin á öðrum þáttum sameiginlegrar ímyndar og ásýndar áfangastaðarins s.s. lettri, markaðsefni og ljósmyndanotkun.

Þetta er merki Áfangastaðarins Suðurlands

Merki Áfangastaðarins Suðurlands er samspil tákns og leturs. Letrið er einfalt, sterkt og skýrt. Það passar vel við táknið og tekur ekki athyglina frá því heldur vinnur með því. Táknið og samspil lita undirstrika stórfenglega náttúru Suðurlands. Í merkinu má greina fjöll, fossa, ár, jarðhita og ferðalag um veg.

Notkunarleiðbeiningar á vörumerki Áfangastaðar Suðurlands má sjá betur í vörumerkjahandbók Markaðsstofu Suðurlands.

<https://www.south.is/is/mss/markadssetning/merki-og-utgefing-efni>



**Upplifðu
Suðurland**



Visit South Iceland



Einkunnarorð svæðanna

Suðurland er kynnt sem þrjú svæði með einkunnarorðin orka, kraftur og hreinleiki. Við viljum að þessar tengingar komi fólki til hugar þegar það talar um eða skoðar Suðurland. Þessar tengingar þurfa að vera sterkar, jákvæðar og einstakar.

Orka/Energy

The Golden Circle Area
Gullna hrings svæðið

Kraftur/Power

Katla UNESCO Global Geopark and Vestmannaeyjar
Katla jarðvangur og Vestmannaeyjar

Hreinleiki/Purity

The Vatnajökull Region
Ríki Vatnajökuls

Ljósmyndanotkun

Í kynningarefni um áfangastaðinn er áhersla á að nota ljósmyndir sem sýna náttúru Suðurlands í jákvæðu ljósi.

Forðast skal að nota ljósmyndir sem búið er að yfirvinna og ýkja liti eða skerpu óþarflega. Þannig myndvinnsla gefur skakka mynd af náttúrunni og gæti gefið síður fagmannlega ímynd.

Áfangastaðurinn Suðurland notar heldur ekki myndir og myndefni sem sýnir óæskilega hegðun, svo sem akstur utan vega eða myndir þar sem rusl er úti í náttúrunni.



Sýningastandar

Sýningastandar og annað markaðsefni til kynningar á áfangastaðnum er stílhreint og einfalt þar sem aðalskilaboð og ljósmyndir njóta sín.



Útlit kynningartímarits




Dæmi um útlit sýningakerfa

11. Upplifun gestsins

Ferðapjónustan er hluti af því sem Pine og Gilmore (2013) kalla upplifunarhagkerfið en það snýst um það hvernig vörur eru seldar gegnum upplifunina. Það sem einkennir upplifunarhagkerfið er að þarfir neytandans eru ekki einungis uppfylltar með vörum og þjónustu heldur þarf að fylgja því jákvæð upplifun. Aðal afurð ferðapjónustunnar er upplifun ferðamanna og þau fyrirtæki í ferðapjónustu sem eru í fararbroddi, sviðsetja upplifanir eins og spunaleikrit. Gestgjafinn er þá leikstjórinn því hann sér um staðsetninguna, umgjörðina og viðfangsefnið en úrvinnsla og þróun er samvinna einstaklinga, gesta og gestgjafans. Þessi nálgun krefst góðs undirbúnings og skýrrar sýnar á það sem gestgjafinn vill skapa. (Joseph Pine II og James H. Gilmore, 2013)

Munur er á því að þróa upplifunarferðapjónustu og hefðbundna ferðapjónustu. Upplifunarferðir tengja ferðamenn við heimamenn og skapa vettvang fyrir virka þátttöku beggja aðila. Ef rétt er farið að er afraksturinn ánægðir ferðamenn sem snúa heim með góðar minningar. Þessir ánægðu viðskiptavinir verða talsmenn fyrirtækja, þeir tala vel um upplifunina og eru tvisvar sinnum líklegri til að mæla með fyrirtækinu og stunda endurkaup. (Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, 2014)

Upplifun á sér stað frá því að gestur kemur inn á áfangastaðinn og þar til dvöl gestsins líkur. Vöruþróun þar sem upplifun gestsins er í fyrirrúmi kallar á sameiginlega sýn á þeim gildum sem áfangastaðurinn stendur fyrir. Markaðsstofa Suðurlands er öflugur samstarfsvettvangur allra sem koma að upplifun gesta landshlutans á einhvern hátt, hvort sem um ræðir beina þjónustu við ferðamenn, grunnþjónustu, innviði eða stoðkerfi. Allt helst þetta í hendur við að skapa jákvæða upplifun gesta sem og heimafélks af Suðurlandi.



12. Vakinn, gæða- og umhverfismálum ferðapjónustunnar

Ímynd, gæði, öryggi og að huga að umhverfismálum eru þættir sem efla samkeppnishæfni ferðapjónustufyrirtækja sem og áfangastaðarins Suðurland í heild sinni. Gæða þjónusta fyrirtækja og frammistaða þeirra við móttöku gesta hefur ekki aðeins áhrif á orðspor fyrirtækisins heldur einnig orðspor sjálfs áfangastaðarins. Að vera með gæðamál ávallt í forgangi stuðlar að betri upplifun gestsins og skapar þannig samkeppnisforskot og sérstöðu á meðal samkeppnisaðila. Það felast mörg tækifæri í því fyrir áfangastaðinn Suðurland að auka enn frekar gæði í sunnlenskri ferðapjónustu. Í því verkefni er Vakinn, gæða- og umhverfiskerfi ferðapjónustunnar, öflugt verkfæri sem vert er að hagnýta.

Vakinn er gæða- og umhverfismálum fyrir íslenska ferðapjónustu. Verkefninu er stýrt af Ferðamálastofu. Þau fyrirtæki sem taka þátt fá óháðan þriðja aðila til að skoða og taka út starfsemi og þjónustu fyrirtækisins, fá staðfestingu á því sem vel er gert og tækifæri til að bæta það sem betur má fara. (Vakinn, á.á.)

Helsti ávinningur af því að taka þátt er:

- Markviss úttekt byggð á gæða- og umhverfisviðmiðum sem hafa verið samþykkt af sérfræðingum á hverju sviði.
- Staðfesting á því að fyrirtækið sinni gæða- og umhverfismálum af fagmennsku og heiðarleika.
- Markaðslegur ávinningur og samkeppnisforskot með viðurkenningu Vakans.
- Betri starfshættir og aukin fagmennska.
- Auknar líkur á að uppfylla væntingar viðskiptavina.

Munum að:

- Náttúran og orðspor landsins eru það mikilvægasta sem við eigum.
- Ferðamenn leita frekar til fyrirtækja sem sýna ábyrgð og leggja sitt af mörkum til umhverfis- og samfélagsmála.
- Gæða-, umhverfis- og öryggismál eru lykilþættir í framtíð íslenskrar ferðapjónustu.
- Vakinn er öflugt verkfæri til að auka fagmennsku og gæði í ferðapjónustu.
- Merki Vakans er gæðastimpill sem nýtist sem markaðstæki fyrir vottuð fyrirtæki.



13. Ábyrg ferðapjónusta

Ábyrg ferðapjónusta snýr að því að vinna á ábyrgan hátt gagnvart gestum, starfsfólki, náttúru og samfélagi.

Árið 2017 fóru Íslenski ferðaklasinn og Festa í gang með hvatningarverkefnið Ábyrg ferðapjónusta þar sem um 300 ferðapjónustufyrirtæki skrifuðu undir yfirlýsingu um Ábyrga ferðapjónustu og þátttöku í verkefninu.


Verkefnið snýr að fjórum þáttum; náttúru, öryggi gesta, réttindum starfsfólks og jákvæðum áhrifum á nærsamfélag. Fyrirtækin setja sér markmið í þessum þáttum og nýta sér fræðslu sem tengist þeim. (Íslenski ferðaklasinn, 2019)

Lykilþættir ábyrgrar ferðapjónustu:

- Ganga vel um og virða **náttúruna**
- Tryggja **öryggi** gesta okkar og koma fram við þá af háttvísi
- Virða réttindi **starfsfólks**
- Hafa **jákvæð áhrif** á nærsamfélagið

Björg Árnadóttir, framkvæmdastjóri Midgard Adventure og fyrrverandi stjórnarformaður Markaðsstofu Suðurlands segir um ábyrga ferðapjónustu:

„Ég hugsa alltaf um ábyrga ferðapjónustu þannig að við lifum í sátt við umhverfið okkar. Við bjóðum starfsmönnum eftirsóknarvert vinnuumhverfi allt árið. Við lifum í sátt við náttúruna, umgöngumst hana af virðingu með því að skilja ekki eftir okkur ummerki. Við lifum í sátt við yfirvöld með því að skila hagnaði, greiða skatta og fylgja reglum. Við lifum í sátt við gestina okkar með því að skapa þeim einstaka upplifun og hjálpa þeim að njóta dvalarinnar á Íslandi. Við lifum í sátt við samkeppnisaðila okkar og samstarfsaðila með því að efla hvert annað og vinna saman að því að auka ánægju gesta okkar.“



14. Gott aðgengi í ferðapjónustu

Ferðamálastofa setti árið 2022 af stað verkefnið Gott aðgengi, í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Sjálfsbjörg og ÖBÍ réttindasamtök. Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi fyrir fatlaða í ferðapjónustu. Um fræðslu- og hvatningarverkefni er að ræða, þar sem forsvarsfólk ferðapjónustufyrirtækja kynnist leiðum til að bæta þjónustu sína gagnvart þessum mikilvæga markhópi. (Ferðamálastofa, 2023) Verkefninu fylgir leiðbeiningabæklingur sem leiðir ferðapjónustuaðila í gegn um fyrstu skrefin sem fólgin eru í því að bæta aðgengi fyrir fatlaða. Þar er fjallað um fötlun almennt, algilda hönnun og aðgengi fyrir alla. Þá eru einnig settar fram upplýsingar um aðgengi, svo sem bílastæði og innganga, afgreiðslu, snyrtingar og lyftur. Leiðbeiningarnar eiga við hvort sem um ræðir byggingar eða útisvæði, svo sem umferðarleiðir innanhúss og göngustíga. Leiðbeiningaritið ásamt öllum helstu upplýsingum er aðgengilegt á vef Ferðamálastofu um [Gott aðgengi](#).



Gott aðgengi í ferðapjónustu í hnotskurn:

1. Verkefnið, sem er sjálfsmat og verkfæri fyrir ferðapjónustuaðila, byggir á trausti og vilja til að sýna ábyrgð í verki til að þjóna þessum markhópi sem best.
2. Verkefninu er ætlað að hjálpa ferðapjónustuaðilum að sýna með áþreifanlegum hætti að þeim er umhugað um alla gesti og gera sitt besta til að taka vel á móti þeim.
3. Ferðapjónustuaðilar sem telja sig uppfylla allar lágmarkskröfur um aðgengismál í sjálfsmatinu fá viðeigandi merki verkefnisins. Í boði eru þrjú merki; aðgengi fyrir fatlaða/ hreyfihamlaða, aðgengi fyrir sjónskerta og blinda og aðgengi fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausa.
4. Viðmið fyrir fatlaða/hreyfihamlaða eru grunnviðmið. Allir sem taka þátt í Góðu aðgengi þurfa a.m.k. að uppfylla lágmarkskröfur sem þar eru settar fram. Til viðbótar eru sérstök viðmið vegna aðgengis fyrir heyrnarskerta og heyrnarlausa og fyrir sjónskerta og blinda sem eru valkvæð.
5. Sýnum að Ísland er tilbúið að taka á móti öllum gestum sínum af fagmennsku og ábyrgð!


(Ferðamálastofa, 2023)

15. Sjálfbærni og ferðapjónusta

Sjálfbær þróun er mikilvæg fyrir íslenskra ferðapjónustu. Sjálfbær þróun snýst um að mæta þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Þannig er leitast eftir að auka efnahagsleg verðmæti um leið og gæðum náttúrunnar er viðhaldið og mannréttindieflid fyrir alla jarðarbúa til langs tíma. Mikilvægt er að ferðapjónustan sem skapar efnahagsleg verðmæti þróist á sama tíma í sátt við samfélag og náttúru. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að auka gæði ferðapjónustunnar og efla rannsóknir hvað varðar þolmörk náttúru, samfélaga og ferðamanna.

Þegar niðurstöður Áfangastaðaaætlunar Suðurlands voru að teiknast upp skiptust gögnin fljótt upp í þrjá flokka, náttúra, samfélag og ferðapjónusta. Þessir þrír þættir eru einmitt þrjár megin stoðir sjálfbærrar þróunar, þ.e. umhverfi, samfélag og efnahagur. Jafnvægi á milli þessara grunnstoða skal ávallt haft að leiðarljósi. Ferðapjónustan þarf að huga að jafnvægi við samfélag og náttúru svo að auðlindir skerðist ekki til framtíðar. Náttúruna þarf að vernda á þann hátt að hún beri ekki varanlegan skaða af umgengni og nýtingu. Fyrirtæki og stofnanir í ferðapjónustu verða um leið að sýna samfélagslega ábyrgð í verki svo samfélagið njóti góðs af atvinnugreininni. Ábyrgðin er ekki síður í höndum heimamanna, ríkis og sveitarfélaga við að stuðla að sjálfbærni. Í því samhengi má nefna ábyrga nýtingu auðlinda og innviðauppbýggingu með sjálfbærni að markmiði. Mikilvægt markmið í sjálfbærri þróun er að sem mest virði af ferðapjónustu verði eftir inni á nærsvæðinu og efli þannig samfélag og innviði.

Sjálfbær þróun áfangastaðarins er lykilþáttur í framtíðarsýn ferðapjónustunnar á Suðurlandi. Það er að mörgu að huga enda nær ferðapjónustan til flutninga, gistingar, matar og náttúrustaða, viðburða og svo mætti lengi telja. Sjálfbær þróun ætti að vera leiðarstefið í allri stefnumótun og áætlanagerð, með virkri þátttöku ríkis, sveitarfélaga, atvinnugreinarinnar og íbúa landshlutans.



Framtíðarsýn ferðapjónustunnar á Suðurlandi

Ferðapjónusta á Suðurlandi er sjálfbær þar sem lögð er áhersla á heildræna þróun í sátt við náttúru og samfélag. Ferðapjónustan er öflug atvinnugrein og samvinna ríkir á milli mismunandi hagsmunaaðila þar sem hugað er að gæðum, upplýsingagjöf, upplifun og fræðslu.

- Verndun náttúru og menningarsögulegra minja er í forgrunni þegar kemur að ferðapjónustu þar sem hugað er að skýru og tryggju aðgengi að helstu náttúruperlum.
- Regluverk í ferðapjónustu er skýrt og leiðir til jákvæðrar upplifunar heimamanna og gesta.
- Vegakerfið og samgöngur, á sjó, landi og í lofti, eru öruggar og hugsaðar heildrænt þar sem áningarstaðir eru vel úthugsaðir, merktir með viðeigandi þjónustu og upplýsingagjöf.
- Möguleikar til menntunar í ferðapjónustu eru staðbundnir og fjölbreyttir.
- Grunnþjónusta er góð á svæðinu og íbúar eru jákvæðir í garð ferðamanna og ferðapjónustunnar.

MEGINMARKMIÐ

SAMFÉLAG

- Íbúar finna fyrir jákvæðum áhrifum af ferðapjónustu.
- Samgöngukerfið er öruggt.
- Grunnþjónusta er öflug.

FERÐAÞJÓNUSTA

- Stefna í takt við ferðapjónustu, samfélag og náttúru þar sem uppbygging byggir á heildarsýn og jafnvægi í samfélaginu.
- Virkt samtal og samvinna er innan svæðisins og góður skilningur stjórnvalda á ferðapjónustu.
- Áhersla er lögð á gæði í ferðapjónustu á Suðurlandi þar sem góð upplýsingagjöf og fræðsla er í fyrirrúmi.
- Regluverk í ferðapjónustu er skýrt og eftirlit er virkt.

NÁTTÚRA

- Ferðapjónustan á Suðurlandi vinnur ávallt í sátt við náttúruna og styður við menningu og minjavernd.

ÁHERSLUR

Uppbygging eftir COVID - Sjálfbær þróun - Samtal og samvinna - Ábyrg ferðapjónusta - Öryggi og aðgengi - Áhrif ferðapjónustu á samfélög - Stýring og dreifing ferðamanna - Gæði og gæðamál - Upplýsingagjöf, merkingar og fræðsla - Samgöngur - Fjárfesting og nýsköpun - Rannsóknir og hagtölur - Starfsfólk í ferðapjónustu - Náttúran og umhverfið

15.1. Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðapjónustu til 2030

Mikilvægt er að áætlun eins og Áfangastaðaaætlun Suðurlands myndi rauða þræði inn í framtíðarsýn og stefnuramma Ríkisins í ferðapjónustu. Glögggt má sjá að sú framtíðarsýn tengist vel framtíðarsýn og markmiðum Áfangastaðaaætlunar Suðurlands. (Stjórnarráð Íslands, 2020)



Framtíðarsýn Íslands í ferðapjónustu (Stjórnarráð Íslands, 2020)

15.2. Varða – Merkisstaðir Íslands

Á vormánuðum 2021 kynnti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið nýtt verkefni, *Varða – Merkisstaðir Íslands*. Þeir staðir sem hljóta merkið Varða eru fyrirmyndarstaðir á Íslandi. Verkefnið á sér franska fyrirmynd og var leitað til ráðgjafar hjá Grand Sites de France til að móta umgjörð og viðmið Vörðu.

Varða er eitt púslið í stóru myndina að heildstæðri nálgun áfangastaðastjórnunar þannig að áfangastaðir séu þess búnir að geta tekið á móti ferðamönnum þar sem upplifun gesta er háværkuð með virðingu fyrir náttúru, umhverfi og samfélagi. Miðar heildstæð nálgun fyrir Vörðu að eftirfarandi þáttum:

- Verndun náttúru, menningarsögulegra minja og landslagsheildar svæðisins
- Hágæða móttöku gesta í samræmi við staðargæði
- Virðingu fyrir íbúum, staðaranda og framþróun svæðisins

Þeir staðir sem geta fengið merkinguna Varða eru fjölsóttir áfangastaðir sem aðgengi er að og ferðamenn sækja allt árið um kring. Staðirnir hafa skilgreindan umsjónaraðila sem hefur það hlutverk að framkvæma, uppfylla og fylgja eftir þeim viðmiðum sem Varða hefur. Staðirnir eru tilgreindir sem áherslustaðir í áfangastaðaaætlun viðkomandi landshluta og skilgreindur í aðal- og/eða deiliskipulagi sem ferðamannastaður.

Fyrstu fjórir staðirnir í því ferli að verða merktir sem Vörður eru allir í eigu ríkisins, staðsettir á Suðurlandi og eru stóru perlur Íslands; Þingvellir, Gullfoss, Geysir og Jökulsárlón. Þrír af þessum stöðum eru á Gullna hringnum, elstu og fjölförnu ferðaleið landsins, Gullna hringnum. Í júní 2022 voru Þingvellir formlega viðurkenndir sem fyrsta Varðan á Íslandi.




Varða
Merkisstaðir
Íslands

Þau viðmið sem unnið er með fyrir Vörðu taka á:

- Stjórnun og umsjón
- Samgöngur, aðkoma og aðgengi
- Gagnasöfnun
- Fræðsla og upplýsingagjöf
- Umhverfi
- Innviðir
- Öryggi
- Þjónusta
- Álagsstýring
- Fjárhagsleg sjálfbærni
- Upplifun heimamanna
- Upplifun gesta


15.3. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Liður í því að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun er að mæta þau við ferðamál á Suðurlandi og tryggja að aðgerðir og ákvarðanir innan landshlutans séu í takt við heimsmarkmiðin.



15.4. Nærandi ferðapjónusta (Regenerative tourism)

Á síðustu árum hefur orðræðan um sjálfbærni í ferðapjónustu færst átt til Nærandi ferðapjónustu, eða Regenerative tourism. En hver er munurinn á sjálfbærri ferðapjónustu og nærandi ferðapjónustu? Ef sjálfbær ferðapjónusta leitast við að skerða ekki möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum, fer nærandi ferðapjónusta skrefinu lengra og leitast við að gera jörðina betri fyrir komandi kynslóðir en hún er í dag. (Bill Reed, 2007) Færa má rök fyrir því að ferðapjónusta sé nærandi afl fyrir efnahag og samfélag á Suðurlandi, sem má t.a.m. sjá á fjölgun íbúa samhliða auknum umsvifum ferðapjónustunnar. (SASS, 2020) Eins eru mörg dæmi þess að ferðapjónusta ýti undir verndun náttúru. Hins vegar eru víða tækifæri til úrbóta eins og fram kemur í köflunum SVÓT greining og GAP greining. Áfangastaðaaætlun Suðurlands gefur góða yfirsýn yfir tækifæri sunnlenskrar ferðapjónustu til sjálfbærni, og enn fremur að næra náttúru, samfélag og efnahag landshlutans.



Líkan byggt á Trajectory of Ecological design eftir Bill Reed. (Bill Reed - Regenesi, 2023) Þýðing höfundar.

16. Tengsl við aðrar áætlanir – samstarf og nýting Áfangastaðaaætlunar

Til þess að unnið verði markvisst eftir áætlun sem þessari er mikilvægt að það sé rauður þráður frá henni yfir í aðrar staðbundnar áætlanir, áætlanir á landsvísu og jafnvel á heimsvísu.

Landshlutinn


Dæmi um staðbundnar áætlanir eru aðalskipulag sveitarfélaga á svæðinu, Sóknaráætlun Suðurlands, áætlanir Vatnajökulsþjóðgarðs, Þjóðgarðsins á Þingvöllum og Kötlun UNESCO jarðvangs. Þá er vert að nefna Svæðisskipulag Suðurrhálendis, sem er í vinnslu þegar þetta er skrifað.

Landið

Mikilvægt er að áfangastaðaaætlunir falli vel að áætlun Ríkisins um ferðaþjónustu líkt og Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030, Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og Jafnvægisás ferðaþjónustunnar. Einnig er mikilvægt að hafa Bygðaráætlun til hliðsjónar við gerð áætlunarinnar.

Heimurinn

Liður í að Ísland innleiði Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er að skoða hvernig markmið og mögulega aðgerðir áfangastaðaaætlunar mátast við Heimsmarkmiðin og þannig stuðla að aukinni sjálfbærni.



17. Samtal og samvinna við stuðningsstofnanir

Á Suðurlandi starfa nokkrar stofnanir sem tengjast ferðapjónustunni á einhvern hátt og þá helst sem umsjónaraðilar einstaka áningar- og áfangastaða. Flestar af þessum stofnunum hafa sínar eigin áætlanir sem ramma inn þeirra starf. Virkt samtal og samvinna þvert á stofnanir hefur mikil samlegðaráhrif, samræmir stefnur og stuðlar að aukinni sátt á milli ólíkra hagaðila. Þar er lykilatriði að gæta þess að tala ekki eingöngu við lögbundna aðila heldur einnig sjálfstæðar stofnanir. Áfangastaðurinn Suðurland ber mikinn hag af því að þessar stofnanir deili þekkingu, miðli upplýsingum og samræmi áætlanir sínar.

Stofnanir á Suðurlandi tengdar ferðapjónustu:

- Vatnajökulsþjóðgarður
- Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
- Katla Jarðvangur
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun
- Skógræktin
- Náttúrustofa Suðurlands
- Náttúrustofa Suðausturlands
- Markaðsstofa Suðurlands



18. Möguleikar og tækifæri Suðurlands

Ljóst er að Suðurland býr yfir mikilli reynslu og þekkingu í að taka á móti gestum. En alltaf má gera gott betra og eru því fjölmargir möguleikar og tækifæri fyrir Suðurland til að vinna enn meira að fjölbreyttum verkefnum til að bæta við þá flóru sem fyrir er og auka við upplifun ferðamannsins.



Maturinn Matarauður Suðurlands á mikið inni og vel er hægt að vinna meira með matarkistu Suðurlands með það að markmiði að lyfta mataráfangastaðnum Suðurlandi á hærra plan.



Saga og menning Gera þarf sögu og menningu á Suðurlandi hærra undir höfði, bæði sögunni og menningararfinum sem og samtíðarmenningu og listum. Suðurland er ríkt af sögu- og menningarperlum sem og fjölbreyttum viðburðarstöðum. Einnig er tækifæri til að draga fram skemmtilegar sögur af mannlífi, þjóðsögur af huldufólki og draugum og gefa þeim meira líf. Tækifæri liggja víða.



Ferðaleiðir Þó að Suðurland búi yfir elstu ferðaleið landsins þá má vel bæta í þar og vinna markvisst með ýmskonar ferðaleiðir eftir þeim og svæðum. Ein stór ferðaleið um Suðurland, Eldfjallaleiðin (e. *The Volcanic Way*), er tilvalið verkefni til að fara í og tengja svæði Suðurlands og eldvirknina enn betur.



Aukið samtal og samstarf Á Suðurlandi er mikil hefð fyrir góðu samtali og samstarfi. Því þarf að viðhalda svo hagaðilar séu upplýstir sín á milli, auka samstarf þar sem það á við, nýta þá þekkingu sem er til staðar á svæðinu og tengja saman mismunandi aðila í gegnum verkefni.



Upplifun gesta Upplifunarferðamennska á mikið inni, vel er hægt að bæta þann þátt í ferðapjónustunni á Suðurlandi, bæði hjá ferðapjónustufyrirtækjum og á áningar/áfangastöðum.



Fjárfesting og nýsköpun Grunnurinn að öflugri ferðapjónustu er að fjárfestingarmöguleikar séu til staðar og nýsköpunarhugsun haldi áfram að vera meðal Sunnlendinga.

Áfangastaðaaætlun Suðurlands er grunnurinn að aðgerðaráætlun Markaðsstofunnar og um leið góður rammi og hugmyndabanki sem fyrirtæki, sveitarfélög, landeigendur og aðrir hagaðila geta nýtt í sín verkefni. Áætlunin hjálpar hagaðilum að vinna enn betur að gæðum, fagmennsku og ábyrgri ferðapjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi.

19. Hugtakalykill

Aðgengi

Hér er verið að tala um náttúrlegt aðgengi sem og hvað hægt sé að gera til að bæta aðgengi. Það getur átt við vegi, stíga, bílastæði og tröppur sem dæmi.

Áfangastaðaaætlun

Áfangastaðaaætlun er heildstæð áætlanagerð sem hefur ferðaþjónustu sem útgangspunkt. Markmið hennar er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem styrkir efnahag samfélaga, bætir lífsgæði íbúa og dregur úr mögulegum neikvæðum áhrifum frá ferðaþjónustu.

Áfangastaður og áningarstaður

Í áfangastaðaaætlun Suðurlands er talað um áningarstað sem stað sem áð er á eða stoppað er stutt við á leið á áfangastað. Áfangastaður er hér skilgreint sem mikilvægur áfangi á ferðalagi eða næturstaður vegna áframhaldandi ferðalags.

Ferðamaður

Gestur sem dvelur a.m.k. eina nótt á staðnum sem hann kemur á.

Gestur

Einstaklingur á ferðalagi utan hversdagsumhverfis.

Grunnþjónusta

Heilbrigðisþjónusta, löggæsla, sorphirða og önnur almannaðjónusta.

Hagsmunaaðilar ferðaþjónustunnar

Allir þeir aðilar sem hafa hag af eða koma beint eða óbeint að ferðaþjónustunni.

Innviðir

Vegir, stígar, pallar, þjónusta, salerni, sorpílát og annað sem á við á hverjum stað.

Nýsköpun og vörubróun

Nýsköpun er að skapa eða búa til eitthvað nýtt eða þróa og endurbæta eitthvað sem til er fyrir. Þetta á við um vörur, þjónustu, tækni, aðferðarfræði eða leið til sölu- og markaðssetningar svo að dæmi séu tekin. Vörubróun lýsir heildarferlinu sem þarf til að koma nýrri vöru og/eða þjónustu á markað.

Nærandi ferðaþjónusta

Nærandi ferðaþjónusta er íslenskun á hugtakinu Regenerative tourism. Nærandi ferðaþjónusta leitast við að gera áfangastaðinn betri fyrir komandi kynslóðir en hann er í dag.

Samgöngukerfi

Vegakerfið, almenningssamgöngur, reiðleiðir, hjólaleiðir og gönguleiðir.

Sjálfbær þróun

Þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum.

Uppbygging

Mismunandi í hvaða samhengi verið er að tala um uppbyggingu, uppbygging vegakerfis, uppbygging ferðamannastaða, uppbygging þéttbýlisstaða sem dæmi, getur átt við stóra sem smáa hluti.

Upplifun - Upplifunarhagkerfið

Það sem einkennir hagkerfið er að þarfir neytandans eru ekki einungis uppfylltar með vörum og þjónustu heldur þarf að fylgja því jákvæð upplifun.

20. Hvað getur þú gert?

Til þess að framtíðarsýn Áfangastaðaáætlunar Suðurlands verði að veruleika þurfa hagaðilar að leggja sitt af mörkum og vinna þær aðgerðir sem snúa að þeim. Saman geta hagaðilar ferðaþjónustunnar á Suðurlandi náð þeim markmiðum sem sett hafa verið fram og þar með framtíðarsýninni.

Sveitarfélög:

Geta nýtt sér Áfangastaðaáætlun Suðurlands þegar verið er að vinna að skipulagsmálum. Verið með ferðamálafulltrúa eða sambærilegan starfsmann og verið aðili að Markaðsstofu Suðurlands.

Stofnanir og stoðþjónusta:

Geta nýtt sér áfangastaðaáætlanir landshlutanna og gætt þess að eiga samráð við svæðin áður en farið er í ákvarðanatöku sem mögulega hefur mismunandi áhrif á mismunandi landssvæði.

Ferðaþjónustufyrirtæki:

Geta nýtt sér hugmyndir í áfangastaðaáætlun. Meðal annars hugað að gæðum, menntun og þjálfun starfsfólks og átt gott samtal og samvinnu við önnur ferðaþjónustufyrirtæki og íbúa.

Íbúar:

Íbúar geta sem dæmi tekið þátt í að tala jákvætt um ferðaþjónustuna og ferðamenn. Stutt þannig við atvinnugreinina og sýnt fram á stolt af sínu svæði/bæ. Nýtt sér þjónustuna.

Sýndu ábyrgð, taktu þátt!

Heimildir

- Bill Reed - Regenesi. (12. apríl 2023). *Good-design.org*. Sótt júní 2023 frá Figure-1-Trajectory of ecological design-©-Bill-Reed-Regenesi: <https://good-design.org/designing-the-possible-this-decade/figure-1-trajectory-of-ecological-design-bill-reed-regenesi/>
- Bill Reed. (2007). Shifting from 'sustainability' to regeneration. *Building Research & Information*, 674-680. Sótt júní 2023
- Byggðastofnun. (1. janúar 2020). *Gagnatorg*. Sótt júní 2023 frá Landshlutar: <https://byggdastofnun.data.is/account/public-report?id=b36b8664-016c-4ce5-ab26-b164cd2ce29c>
- Ferðamálastofa. (2023). *Ferðamálastofa.is*. Sótt júní 2023 frá Hreint og öruggt - Clean & safe: <https://www.ferdamalastofa.is/is/studningur/hreint-og-oruggt-clean-and-safe>
- Ferðamálastofa. (26. júní 2023). *Ferðamálastofa.is*. Sótt 2023 frá Gott aðgengi í ferðaþjónustu: <https://www.ferdamalastofa.is/is/studningur/gott-adgengi-i-ferdathjonustu#merki-verkefnisins>
- Ferðamálastofa. (á.á.). *Ferðamálastofa.is*. Sótt júní 2023 frá Vakinn: <https://www.ferdamalastofa.is/is/studningur/vakinn>
- Festa. (2023). *Sjálfbær.is*. Sótt júní 2023 frá Um Festu: <https://www.sjalfbær.is/festa>
- Hagstofa Íslands. (2023). *Hagstofa.is*. Sótt júní 2023 frá Gistinætur og gestakomur á hótélum eftir mánuðum 1998-: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__ferdathjonusta__Gisting__1_hotelgistiheimili/SAM01103.px/table/tableViewLayout2/
- Hagstofa Íslands. (1. janúar 2023). *Hagstofa.is*. Sótt júní 2023 frá Mannfjöldi eftir landshlutum, kyni og aldri 1.janúar 1998-2023: https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__Byggdakjarnarhverfi/MAN03250.px/table/tableViewLayout2/
- Íslandsstofa. (2022). *Íslandsstofa.is*. Sótt júní 2023 frá Target Group Analysis for Iceland tourism: https://islandsstofa.cdn.prismic.io/islandsstofa/5c8bc5c6-2896-40dd-a94e-3d6bfd869d23_Target+Groups+Analysis+for+Iceland+Tourism+2022.pdf
- Íslandsstofa. (á.á.). *Pledge.Visiticeland.com*. Sótt júní 2023 frá The Icelandic Pledge: <https://pledge.visiticeland.com/>
- Íslenski ferðaklasinn. (2019). *icelandtourism.is*. Sótt júní 2023 frá Ábyrg ferðaþjónusta: <https://www.icelandtourism.is/verkefni/abyrg-ferdathjonusta/>
- Joseph Pine II og James H. Gilmore. (2013). The experience economy: past, present and future. Í Jon Sundbo, & Flemming Sørensen, *Handbook on the Experience Economy* (bls. 269). Edward Elgar.

- Markaðsstofa Suðurlands. (2016). *South.is*. Sótt júní 2023 frá Markaðsgreining og markaðsleg stefnumótun fyrir áfangastaðinn Suðurlands: https://www.south.is/static/files/Skyrslur2016/heildarskyrsla-sudurland_13.12final.pdf
- Oddný Þóra Óladóttir. (júlí 2022). *Ferðamálastofa.is*. Sótt júní 2023 frá Erlendir ferðamenn á Íslandi 2021: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf: <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/kannanir/2022/erlendir-ferdamenn-a-islandi-jul22.pdf>
- SASS. (22. október 2020). *Sass.is*. Sótt júní 2023 frá Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi með sérstaka áherslu á ferðaþjónustu: <https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2020/08/201022.-Hagt%C3%B6lur-um-atvinnul%C3%ADf-%C3%A1-Su%C3%B0urlandi-me%C3%B0-s-%C3%A9rstaka-%C3%A1herslu-%C3%A1-fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B3nustu.pdf>
- Sigríður Ó. Kristjánsdóttir. (2014). *Einstök íslensk upplifun: vegur til vaxtar*. Nýsköpunarmiðstöð Íslands.
- Stjórnarráð Íslands. (2020). *Stjórnarráðið.is*. Sótt júní 2023 frá Leiðandi í sjálfbærri þróun - Íslensk ferðaþjónusta til 2030: https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/FerdaThjonusta/Lei%C3%B0arlj%C3%B3s%20%C3%ADslenskrar%20fer%C3%B0a%C3%BEj%C3%B3nustu%202030_Final_Samr%C3%A1%C3%B0sg%C3%A1tt1.pdf
- Stjórnarráð Íslands. (á.á.). *Stjórnarráðið.is*. Sótt júní 2023 frá Varða - Heildstæð nálgun áfangastaðastjórnunar: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/ferdathjonusta/varda-heildstaed-nalgun-afangastadastjornunar/>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Stjórnarráðið.is*. Sótt júní 2023 frá Landsáætlun um innviði: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/natturuvernd/ferdamenn-og-nattura/landsaaetlun-um-innvidi/>
- TheWoollenCircle.com*. (2020). Sótt júní 2023 frá Ullarhringurinn: <https://thewoollencircle.com/heim-2/>
- Umhverfisstofnun. (ágúst 2022). *ust.is*. Sótt júní 2023 frá Friðlýst svæði: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/>
- Vakinn. (á.á.). *Vakinn.is*. Sótt júní 2023 frá Vertu með í Vakanum: <https://www.vakinn.is/>